

2010:13 • 3. nóvember 2010

## Tekjur hins opinbera 1998–2009

General government revenues 1998–2009

### Samantekt

Tekjur hins opinbera hafa vaxið úr 35,4% af landsframleiðslu frá árinu 1980 í 48,0% árið 2006 er þær reyndust hæstar á þennan mælikvarða, en árið 2009 námu þær 40,9% af landsframleiðslu eða svipað og árið 1998. Tekjur ríkissjóðs hafa þróast með svipuðum hætti eða úr 28,3% af landsframleiðslu árið 1980 í 35,3% árið 2006 en fóru niður í 29,5% árið 2009. Tekjur sveitarfélaga hafa hins vegar aukist hlutfallslega mest á þessu tímabili eða úr 7,2% af landsframleiðslu 1980 í 12,6% árið 2009. Munar þar miklu um yfirtöku verkefna frá ríkissjóði en einnig hefur þjónusta þeirra vaxið jafnt og þétt. Hæstar mældust þær 14,2% af landsframleiðslu árið 2007. Vöxtur tekna almannatrygginga er aftur á móti minni á þennan mælikvarða, en þær námu 7,2% af landsframleiðslu 1980, 7,6% árið 2008 og 8,9% árið 2009. Stökkið milli 2008 og 2009 skýrist af auknu atvinnuleysi og þáttöku almannatrygginga í fjármögnun S-lyfja sjúkrahúsanna. Á föstu verðlagi voru tekjur hins opinbera 1.924 þúsund krónur á mann árið 2009 samanborið við 1.075 þúsund krónum árið 1980 og er raunvöxturinn 79%. Hæstar mældust tekjurnar árið 2007 eða 2.441 þúsund krónur á mann.

Tekjuflokkun hins opinbera byggist í megindráttum á staðli Alþjóðagjaldeyris-sjóðsins frá árinu 2001um fjármál hins opinbera, en samkvæmt þeim staðli skiptast tekjur hins opinbera í fjóra meginflokk, þ.e. skatttekjur, tryggingagjöld, fjárframlög og aðrar tekjur. Skatttekjur eru langumfangsmesti tekjuflokkur hins opinbera, en umfang hans hefur þó lækkað talsvert síðustu tvö árin eða úr 78,6% árið 2007 í 73,9% árið 2009. Hæstar voru skatttekjurnar sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2006 eða 38,1%, en árið 2009 námu þær 30,7% sem er lítið eitt lægra hlutfall en árið 1998. Hlutdeild tryggingagjalda í tekjum hins opinbera hefur aftur á móti haldist nokkuð stöðugt síðasta áratuginn og verið á bilinu 6–7% eða um 3% af landsframleiðslu. Fjárfamlög til hins opinbera frá alþjóðastofnunum hafa verið óveruleg eða um 0,1% af landsframleiðslu. Að síðustu skiluðu aðrar tekjur hinu opinbera um 19% tekna þess árið 2009, en þar af hefur hlutdeild eignatekna farið vaxandi síðustu árin, en hlutur sölutekna af vöru og þjónustu hefur hins vegar verið mun stöðugri á umræddu tímabili.

### Inngangur

Meginmarkmið þessa rits er að gefa yfirlit um umfang og þróun tekna hins opinbera og undirgeira þess á árunum 1998–2009 með tilliti til fjárhæða, hlutfalla og vaxtar að raungildi. Í fyrsta hluta er gefið stutt yfirlit um tekjuþróun hins opinbera á árunum 1980–2009. Í öðrum hluta eru megintekjuflokkar hins opinbera kynntir og þróun þeirra á árunum 1998–2009 og í þriðja hluta er farið yfir einstaka tekjutegundir á umræddu tímabili. Þá er í fjórða hluta stuttlega farið yfir samstarfið við Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, og að lokum er í fimmtra hluta sýndur erlendir samanburður á tekjum hins opinbera milli landa. Á eftir töfluhluta ritsins



er viðauki 1 sem lýsir tekjustaðlinum og viðauki 2 sem sýnir enska þýðingu á íslenskum heitum í töflum.

*Tekjuflokkun hins opinbera hér á landi byggist á GFSM 2001 staðli AGS*

Tekjuflokkun hins opinbera byggist í megindráttum á staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um fjármál hins opinbera frá árinu 2001,<sup>1</sup> en eldri tekjuflokkun hafði byggst á eldri staðli frá árinu 1986. Samkvæmt hinum nýja staðli flokkast tekjur hins opinbera í fjóra meginflokkka, þ.e.

**TEKJUR HINS OPINBERA GOVERNMENT REVENUE**

- |    |                                            |
|----|--------------------------------------------|
| 11 | <b>SKATTTEKJUR TAXES</b>                   |
| 12 | <b>TRYGGINGAGJÖLD SOCIAL CONTRIBUTIONS</b> |
| 13 | <b>FJÁRFRAMLÖG GRANTS</b>                  |
| 14 | <b>AÐRAR TEKJUR OTHER REVENUE</b>          |

Skatttekjur eru megintekjustofn hins opinbera og eru skilgreindar sem lögbundnar tilfærslur skattgreiðenda til hins opinbera (við ákveðin skilyrði) án þess að á móti komi bein þjónusta eða umbun. Skatttekjur eru flokkaðar í 6 meginflokkka eftir eðli skattstofnsins. Í þjóðhagsreikningum er ekki litið á tryggingagjald sem eiginlegan skatt þar sem greiðandi tryggingagjalds ávinnur sér í flestum tilfellum rétt til tryggingabóta við ákveðin skilyrði,<sup>2</sup> en það er lagt á launagreiðslur og er eyrnamerkт almannatryggingum.<sup>3</sup>

- |     |                                                                           |
|-----|---------------------------------------------------------------------------|
| 11  | <b>SKATTTEKJUR TAXES</b>                                                  |
| 111 | Skattar á tekjur og hagnað <i>Taxes on income and profits</i>             |
| 112 | Skattar á launagreiðslu og vinnufl <i>Taxes on payroll and workforce</i>  |
| 113 | Eignarskattar <i>Taxes on property</i>                                    |
| 114 | Skattar á vörur og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>            |
| 115 | Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti <i>Taxes on international trade</i> |
| 116 | Aðrir skattar <i>Other taxes</i>                                          |

Fjárfamlög eru framlög frá innlendum eða erlendum stjórnvöldum eða frá alþjóðastofnunum. Framlög frá öðrum aðilum en þessum flokkast ekki hér, heldur undir aðrar tekjum. Greint er á milli þess hvort fjárfamlög séu rekstrarframlög eða fjármagnstilfærslur. Það fyr nefndar er notað til rekstrar en hið síðara til fjárfestingar. Að síðustu falla aðrar tekjur undir hina hefðbundnu tekjuflokkun, en þær flokkast í 5 meginflokkka, þ.e. (1) eignatekjur, (2) sala á vöru og þjónustu, (3) sektir og skaðabætur, (4) frjáls framlög önnur en fjárfamlög og að lokum (5) ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur. Í kafla 3 er farið nánar í skilgreiningar hverrar tekjutegundar.

- |     |                                                                          |
|-----|--------------------------------------------------------------------------|
| 14  | <b>AÐRAR TEKJUR OTHER REVENUES</b>                                       |
| 141 | Eignatekjur <i>Property income</i>                                       |
| 142 | Sala á vöru og þjónustu <i>Sales of goods and services</i>               |
| 143 | Sektir og skaðabætur <i>Fines, penalties and forfeits</i>                |
| 144 | Frjáls framlög önnur en fjárfamlög <i>Voluntary transfers not grants</i> |
| 145 | Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur <i>Miscellaneous revenue</i>        |

<sup>1</sup> The Government Finance Statistics Manual, 2001 (GFSM 2001).

<sup>2</sup> Skilgreiningin á rétti til tryggingabóta er mjög viður í þjóðhagsreikningum.

<sup>3</sup> Þegar fjallað er um skattbyrði liggar hvort tveggja til grundvallar, skatttekjur og tryggingagjald.


*Undanfarna þrjá áratugi hafa tekjur hins opinbera sveiflast verulega sem hlutfall af landsframleiðslu; hæst mældust þær 48,0% en lægst 35,4%*

## 1. Próun tekna hins opinbera frá 1980 til 2009

Frá árinu 1980 hafa tekjur hins opinbera vaxið úr 35,4% af landsframleiðslu í 48,0% árið 2006 er þær mældust hæstar á þennan mælikvarða, en árið 2009 námu þær 40,9% af landsframleiðslu eða svipað og árið 1998. Eins og sést á mynd 1 þá hafa tekjur ríkissjóðs þróast með svipuðum hætti eða úr 28,3% af landsframleiðslu árið 1980 í 35,3% árið 2006 og niður í 29,5% árið 2009. Tekjur sveitarfélaga hafa hins vegar aukist hlutfallslega mest á þessu tímabili eða úr 7,2% af landsframleiðslu 1980 í 12,6% árið 2009. Munar þar miklu um yfirtöku verkefna frá ríkissjóði en einnig hefur þjónusta þeirra vaxið jafnt og þétt. Hæstar mældust þær 14,2% af landsframleiðslu árið 2007. Vöxtur tekna almannatrygginga er aftur á móti minni á þennan mælikvarða eða úr 7,2% af landsframleiðslu 1980 í 7,6% árið 2008 og 8,9% árið 2009, en stökkið milli 2008 og 2009 skýrist af auknu atvinnuleysi og þátttöku almannatrygginga við fjármögnun S-lyfja sjúkrahúsanna.

### Mynd 1. Heildartekjur hins opinbera sem hlutfall af VLF 1980–2009

Figure 1. Total general government total revenue as per cent of GDP 1980–2009




Til þess að meta vöxt tekna hins opinbera að raungildi frá árinu 1980 er líklega nærtækast að staðvirða þær með annaðhvort verðvísitölu neysluverðs eða verðvísitölu landsframleiðslunnar, en þessar vísitölur þróast með mjög áþekkum hætti. Hér verður verðvísitala landsframleiðslunnar notuð við mælingu á raunvexti tekna.

Á mann hafa tekjur hins opinbera aukist um 79% að raungildi á þremur áratugum

Á föstu verðlagi voru tekjur hins opinbera 1.924 þúsund krónur á mann árið 2009 samanborið við 1.075 þúsund krónur árið 1980 og er raunvöxturinn 79%. Hæstar urðu tekjurnar árið 2007 eða 2.441 þúsund krónur á mann (sjá töflu 15). Tekjur ríkissjóðs voru 1.386 þúsund krónur á mann árið 2009 samanborði við 859 þúsund krónur árið 1980, en hæstar 1.779 þúsund krónur árið 2007. Tekjur sveitarfélaga hafa nánast þrefaldast (172% vöxtur) á tímabilinu á þennan mælikvarða, en þær námu 218 þúsund krónum á mann 1980 en 593 þúsund krónur árið 2009 (725 þúsund krónur á mann þegar þær voru hæstar árið 2007). Tekjur almannatrygginga hafa vaxið úr 219 þúsund krónum á mann 1980 í 418 þúsund krónur árið 2009 og er raunvöxturinn 91% á þessu tímabili miðað við verðvísitölu landsframleiðslunnar, en hafa verður í huga aukið atvinnuleysi og aukna þátttöku sjúkratrygginga í greiðslu lyfjakostnaðar sjúkrahúsanna á allra síðustu árum (sjá mynd 2).

**Mynd 2. Magnbreyting tekna hins opinbera á mann 1980–2009**  
*Figure 2. General government total revenue per capita, volume change 1980–2009*



## 2. Megintekjflokkar hins opinbera 1998–2009

*Heildartekjur hins opinbera 2009 námu 40,9% af VLF. Þær af voru skatttekjur 30,7%, tryggingargjöld 3,1% og aðrar tekjur 7,1%.*

Tekjum hins opinbera er skipt niður í fjóra megintekjflokka skv. GFSM 2001 staðli AGS (sjá töflu 1 hér að neðan). Skatttekjur eru langumfangsmesti tekjflokkurinn, en umfang hans hefur þó lækkað umtalsvert síðustu tvö árin eða úr 78,6% árið 2007 í 73,9% árið 2009. Hæstar urðu skatttekjurnar sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2006 eða 38,1%, en árið 2009 námu þær 30,7% sem er lítið eitt lægra hlutfall en árið 1998. Hlutdeild tryggingagjálða í tekjum hins opinbera hefur hins vegar haldist nokkuð stöðug síðasta áratuginn og verið á bilinu 6–7% eða um 3% af landsframleiðslu. Þá hafa fjárfamlög hins opinbera frá alþjóðastofnum verið óveruleg eða um 0,1% af landsframleiðslu. Að síðustu skiliðu aðrar tekjur hinu opinbera um 19% tekna þess árið 2009, en þær af hefur hlutdeild eignatekna farið vaxandi síðustu árin, en hlutur sölutekna af vöru og þjónustu hefur hins vegar verið mun stöðugri á umræddu tímabili.

### Tafla 1. Megintekjflokkar hins opinbera 1998–2009


*Table 1. General government total revenue categories 1998–2009<sup>1</sup>*

Heildartekjur	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009
11 Skatttekjur	31,66	34,24	32,37	34,80	37,39	38,13	37,69	33,89	30,65
111 Skattar á tekjur og hagnað	13,02	14,84	15,28	16,12	17,56	18,29	18,55	17,83	15,98
112 Skattur á launagreiðslur	0,02	0,03	0,03	0,06	0,03	0,03	0,12	0,15	0,16
113 Eignarskattar	2,56	2,81	2,49	2,45	2,57	2,11	2,37	2,17	2,08
114 Skattur á vöru og þjónustu	15,48	16,02	14,09	15,69	16,73	17,17	16,10	13,20	11,65
115 Skattar á alþjóðaverslun	0,40	0,40	0,30	0,33	0,34	0,40	0,42	0,40	0,35
116 Aðrir skattar	0,18	0,14	0,17	0,16	0,16	0,14	0,14	0,15	0,41
12 Tryggingagjöld	2,73	2,88	2,87	3,05	3,19	3,29	3,04	2,82	3,06
13 Fjárfamlög	0,07	0,10	0,09	0,14	0,11	0,12	0,09	0,10	0,14
14 Aðrar tekjur	6,43	6,34	6,38	6,09	6,42	6,44	7,11	7,42	7,08
141 Eignatekjur	2,53	2,65	2,65	2,12	2,55	2,86	3,54	3,86	3,56
142 Sala á vöru og þjónustu	3,51	3,36	3,34	3,49	3,50	3,22	3,15	3,21	3,10
143-145 Ýmsar aðrar tekjur	0,38	0,34	0,40	0,48	0,37	0,36	0,42	0,35	0,43

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix 1 on page 43.

Tekjuskattar skiluðu hinu opinbera 240 milljörðum króna árið 2009 eða 16,0% af landsframleiðslu, en til samanburðar var þetta hlutfall 13,0% árið 1998. Hæst varð hlutfall tekjuskattssins 2007 18,5% af landsframleiðslu, en hlutur tekjuskatta af heildartekjum hins opinbera hefur verið á bilinu 38–40% síðustu árin. Skattar á vöru og þjónustu gáfu hinu opinbera 175 milljarða króna árið 2009 eða 11,7% af landsframleiðslu, en samsvarandi hlutfall var 15,5% árið 1998. Hæst náði hlutfall þeirra árið 2006 er það varð 17,2% af landsframleiðslu. Eignarskattar skiluðu hinu opinbera 31 milljarði króna árið 2009 eða 2,1% af landsframleiðslu og tryggingagjöldin um 46 milljörðum króna eða 3,1% af landsframleiðslu. Af öðrum stórum tekjustofnum hins opinbera má nefna eignatekjur sem skiluðu hinu opinbera 53,3 milljörðum króna árið 2009 eða 3,6% af landsframleiðslu og skattar af sölu á vöru og þjónustu sem gáfu 46,5 milljarða króna eða 3,1% af landsframleiðslu. Ofangreindir sex tekjupóstar skiluðu hinu opinbera 592 milljörðum króna eða 96,3% tekna þess.

**Mynd 3. Helstu tekjustofnar hins opinbera sem hlutfall af VLF**  
*Figure 3. The general government main revenue categories as per cent of GDP*



### 3. Einstaka tekjuliðir hins opinbera 1998–2009

#### 3.01 Skattar á tekjur og hagnað

Undir tekjuskatta falla allir skattar sem lagðir eru á hvers kyns tekjur heimila, samtaka, stofnana og fyrirtækja, en þær tekjur geta verið í formi launatekna, eignatekna, lífeyristekna og hagnaðar. Skattar á tekjur og hagnað eru flokkaðir frekar niður eftir því hvort um skatta á einstaklinga eða lögaðila er að ræða. Ef ekki er hægt að greina hvort skatturinn sé lagður á einstaklinga eða lögaðila er hann flokkaður sem óskiptur.

*Einstaklingar greiða riflega fjóra fimmstu hluta tekjuskattssins*

Eins og fram kemur í töflu 2 (töflu 22) skiluðu tekjuskattar hinu opinbera 240 milljörðum króna árið 2009 eða 16,0% af landsframleiðslu. Þar af voru tekjuskattar einstaklinga um 197 milljarðar króna og tekjuskattar fyrirtækja 26,8 milljarðar króna, en ósundurliðaðir tekjuskattar – þ.e. ósundurliðaðir fjármagnstekjuskattar – námu 16,2 milljörðum króna en þeir tengjast einstaklingum að miklu leyti. Á árinu 2009 námu útsvarstekjur sveitarfélaganna 107,6 milljörðum króna og staðgreiðsluskattur ríkissjóðs 84,7 milljörðum króna. Á tímabilinu 1998–2009 hafa tekjuskattar aukist um 47,1% á mann umfram hækjun á verðvísitölu landsframleiðslu en þeir

námu 751 þúsund krónur á hvert mannsbarn árið 2009 samanborið við 511 þúsund krónur 1998. Bæði tekjuskattur lögaðila og fjármagnstekjuskattur hafa vaxið mjög á tímabilinu.


**Tafla 2. Megintekjuflokkar hins opinbera 1998–2009**  
*Table 2. General government total revenue categories 1998–2009<sup>1</sup>*

Í milljörðum króna	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009
111 Skattar á tekjur og hagnað	76,6	101,5	124,8	149,7	180,2	213,6	241,4	263,5	239,9
1111 Tekjuskattur einstaklinga	68,4	89,5	113,5	133,1	150,3	171,0	190,3	213,6	196,9
1112 Tekjuskattur lögaðila	6,3	7,8	6,4	10,8	20,7	28,4	33,2	30,1	26,8
1113 Tekjuskattar ósundurliðaðir	1,9	4,2	4,9	5,9	9,2	14,1	17,9	19,7	16,2
<b>Hlutfall af landsframleiðslu</b>									
111 Skattar á tekjur og hagnað	13,02	14,84	15,28	16,12	17,56	18,29	18,55	17,84	15,98
1111 Tekjuskattur einstaklinga	11,63	13,09	13,90	14,33	14,64	14,64	14,63	14,47	13,12
1112 Tekjuskattur lögaðila	1,07	1,14	0,78	1,16	2,02	2,43	2,55	2,04	1,78
1113 Tekjuskattar ósundurliðaðir	0,32	0,62	0,60	0,63	0,90	1,21	1,37	1,34	1,08

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix 1 on page 43.

#### Rammi 1. Tekjuskattar og þróun þeirra

Tekjuskattar einstaklinga samanstanda af (1) tekjuskatti, (2) útsvari og (3) fjármagnstekjuskatti. Tekjuskatt og útsvar greiða allir einstaklingar sem afla tekna á Íslandi. Árið 2010 er meðaltalsúsvarsprósentan 13,12%, en hún hefur hækkað úr 11,61% frá árinu 1998. Mest var hækjunin árið 2001 er hún fór úr 11,96% í 12,68%. Tekjuskattur einstaklinga hefur tekið verulegum breytingum á þessu tímabili, en í byrjun árs 2010 voru tekin upp þrjú skattþrep, þ.e. 24,1% af tekjuskattstofni að 2,4 milljónum króna, 27% af stofni á bilinu 2,4-7,8 milljónir króna og 33% af skattstofni yfir 7,8 milljónir króna. Síðustu two áratugina hafa verið við lýði tvö skattþrep flest árin, sé sérstakur tekjuskattur talinn með. Árið 1998 var tekjuskattsprósentan 27,41% og hátekjuskattur 7%. Fjármagnstekjuskattur var tekin upp árið 1997 og var skattsprósentan óbreytt, eða 10%, þar til á miðju ári 2009 er hún var hækkuð í 15% og svo aftur í byrjun árs 2010 í 18%.



#### 3.02 Skattar á launagreiðslur og vinnuafli

Skattar á launagreiðslur og vinnuafli leggst á launagreiðslur og vinnuafli, annaðhvort sem hlutfall af t.d. launagreiðslu eða sem ákveðin fjárhæð á launþega. Skatturinn er ekki eyrnamerkur almannatrygggingum eins og tryggingagjaldið. Á árunum 1998 til 2006 hefur þessi skattur skilað ríkissjóði nokkur hundruð milljónum króna árlega í gegnum þann hluta tryggingagjaldsins sem ekki er eyrnamerkur almannatryggging-

um. Á árinu 2007 varð breyting til hækkunnar þegar hluti tryggingagjaldsins var látið renna til lífeyrissjóðanna. Tekjur af þessum skattstofni námu 2,5 milljörðum króna árið 2009 eða 0,16% af landsframleiðslu (sjá töflu 25).

### 3.03 Eignarskattar

Eins og nafnið ber með sér þá leggjast eignarskattar einvörðungu á eignir. Álagningin getur verið á *notkun* eignar, *eignaskipti* eða einfaldlega á *eignina sjálfa*.<sup>1</sup> Eignarskattar eru flokkaðir frekar niður í 6 undirflokkum eftir eðli skattstofnsins. *Fasteignaskattar* leggjast fyrst og fremst á hvers kyns fasteignir eins og land, byggingar og mannvirkni og þá yfirleitt sem hlutfall af verðmæti þeirra. Fasteignaskattar eru reglubundnir skattar sem leggjast á með reglulegu millibili, t.d. árlega. *Skattur á hreina eign* er reglubundinn skattur sem leggst á hreina eign skattgreiðandans, þ.e. á eignir hans að frádregnum skuldum. Skattar á hreina eign eru flokkaðir frekar niður eftir því hvort um skatta á einstaklinga eða lögaðila er að ræða. *Erfðafjárskattur og skattar á gjafafé* leggjast á eignaskipti sem koma til vegna andláts eða gjafa milli aðila. Skattfjárhæðin miðast yfirleitt við verðmæti eignaskiptanna. *Skattar á fjármála- og fjármagnsviðskipti*. Hér eru á ferðinni skattar á hvers kyns eignaskipti önnur en þau sem flokkast undir erfðafjárskatt eða skatta á gjafafé. Undir óreglubundna eignarskatta flokkast skattar sem lagðir eru á eignir með óreglubundnum hætti, t.d. einu sinni eða óreglulega.<sup>2</sup> *Reglubundnir eignarskattar ót.a.s.* Hér undir flokkast skattar á einstakar eignir aðrar en þær sem bera fasteignaskatta. Um er að ræða reglubundna verga skatta á eignir eins og bústofn, demanta og þess háttar.<sup>3</sup>

**Tafla 3. Eignarskattar hins opinbera 1998–2009**

*Table 3. General government taxes on property 1998–2009<sup>1</sup>*

Í milljörðum króna	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009
<b>113 Eignarskattar</b>	<b>15,1</b>	<b>19,2</b>	<b>20,3</b>	<b>22,7</b>	<b>26,4</b>	<b>24,7</b>	<b>30,9</b>	<b>32,0</b>	<b>31,2</b>
1131 Fasteignaskattar	7,8	10,1	10,1	12,1	13,9	16,9	20,6	25,9	27,6
1132 Skattar á hreina eign	3,8	5,2	5,9	3,4	2,9	0,1	0,0	0,0	0,0
1133 Skattar á fjármagnsviðskipti	2,6	3,1	3,2	6,5	9,1	7,1	9,5	5,6	2,9
1134 Eignarskattar, óreglubundnir	0,1	0,1	0,2	0,3	0,2	0,3	0,5	0,5	0,3
1135 Eignarskattar, reglub. ót.a.s.	0,7	0,7	1,0	0,5	0,3	0,3	0,4	0,1	0,3
<b>Hlutfall af landsframleiðslu</b>									
<b>113 Eignarskattar</b>	<b>2,56</b>	<b>2,81</b>	<b>2,49</b>	<b>2,45</b>	<b>2,57</b>	<b>2,11</b>	<b>2,37</b>	<b>2,17</b>	<b>2,08</b>
1131 Fasteignaskattar	1,33	1,48	1,24	1,30	1,36	1,44	1,58	1,75	1,84
1132 Skattar á hreina eign	0,65	0,76	0,72	0,37	0,28	0,00	0,00	0,00	0,00
1133 Skattar á fjármagnsviðskipti	0,45	0,46	0,39	0,70	0,88	0,61	0,73	0,38	0,20
1134 Eignarskattar, óreglubundnir	0,02	0,02	0,02	0,03	0,02	0,03	0,04	0,03	0,02
1135 Eignarskattar, reglub. ót.a.s.	0,12	0,10	0,12	0,06	0,03	0,03	0,00	0,00	0,02

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix 1 on page 43.

<sup>1</sup> Skattar sem lagðir eru á notkun eignar eða eignina sjálfa miðast yfirleitt við ákveðið tímabil sem eignin er í notkun eða í eigu skattgreiðandans, t.d. eitt ár eða hluta úr ári. Öðru máli gegnir um eignaskipti sem miðast yfirleitt við þann tíma sem eignaskiptin eiga sér stað.

<sup>2</sup> Skatturinn getur t.d. verið lagður á eignir í þeim tilgangi að fjármagna kostnað vegna náttúruhamfara eða á eign sem aukist hefur að verðmæti vegna ákvárdana yfirvalda..

<sup>3</sup> Skattar sem lagðir eru á notkun hreyfanlegra eigna eins og bifreiða (skotvopn) flokkast með leyfisgjöldum; sjá síðar.

*Eignarskattar skiliðu hinu opinbera 31,2 milljörðum króna árið 2009 og þar af gáfu fasteignaskattar um 27,6 milljarða króna.*

Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa eignarskattar farið lækkandi undanfarinn ár enda var skattlagning á hreina eign aflögð árið 2006. Þá hefur dregið verulega úr tekjum af fjármagnsviðskipum eftir hrún bankakerfisins. Á árinu 2009 skiliðu eignarskattar 31,2 milljörðum króna eða 2,1% af landsframleiðslu. Þar af voru fasteignaskattar langumfangsmestir, en þeir skiliðu sveitarfélögunum um 27,6 milljörðum króna árið 2009. Síðasta áratuginn hafa fasteignaskattar aukist um 66,6% að raungildi mælt á mann eins og fram kemur í töflu 23.

### 3.04 Vöru- og þjónustuskattar

Allir skattar sem lagðir eru á vörur, s.s. á framleiðslu þeirra, úrvinnslu, sölu, kaup, leigu, flutning og afhendingu teljast hér með; einnig skattar sem lagðir eru á þjónustu. Hér undir flokkast einnig skattar sem lagðir eru á notkun varnings eða á leyfi til notkunar varnings eða leyfi til ákveðinna athafna. Skattar á vöru og þjónustu er skipt frekar niður í 6 undirflokkka eftir eðli skattstofnsins.

*Almennir skattar á vöru og þjónustu* leggjast á mjög víðan grunn varnings og þjónustu; þeir eru m.ö.o. mjög almennir. Þeir gera ekki mun á milli innlends eða erlends varnings og geta lagst á allt frá framleiðslustigi til dreifingarstigs. Virðisaukaskattur er þeirra algengastur. *Vörugjöld* leggjast á tilteknar vörur eða vöruflokkja og á mismunandi stig framleiðsluferilsins (allt frá framleiðslustigi til dreifingarstigs). Til grundvallar álagningu getur verið verðmæti, þyngd, magn eða styrkleiki.<sup>1</sup> *Hagnaður af einkasölu*. Hér undir falla tekjur ríkissjóðs af einkasölu í eigu hans, eins og á afengi eða tóbak. Þessar einkasölur eru fyrst og fremst settar á laggirnar til að afla ríkissjóði tekna, sem hann gæti annars aflað með skattlagningu á framleiðslu og dreifingu einkaaðila á slíkum varningi.<sup>2</sup> *Sértekir þjónustuskattar* leggjast á sértæka þjónustu eða þjónustuflokkja; þeir eru m.ö.o. ekki almennir eins og t.d. virðisaukaskattur. Raforka, gas og orka flokkast ekki sem þjónusta heldur sem varningur sem fellur undir vörugjöld.

*Neyslu- og leyfisskattar* leggjast á notkun varnings eða leyfi til notkunar varnings eða leyfi til ákveðinna athafna. Mjög mikilvægt er að gera skýran greinarmun á *neyslu- og leyfissköttum* annars vegar og *neyslu- og leyfisgjöldum* hins vegar. Í báðum tilfellum er skatturinn eða gjaldið lagt á notkun varnings eða leyfi til notkunar varnings eða leyfi til ákveðinna athafna eins og áður segir. Sé gjaldtakan í beinu samræmi við þá sérstöku þjónustu sem hið opinbera veitir skjólstæðingi sínum vegna útgáfu slíkra leyfa (heimilda) og augljóslega notuð til að fjármagna þá veittu þjónustu (til skjólstæðingsins) þá er litið á gjaldið sem neyslu- og leyfisgjald, að öðrum kosti er gjaldið talið skattur. Mikilvægt er að greiðandi gjaldsins njóti beint ávinningsins af gjaldtökunni. Neyslu- og leyfisskattar eru flokkaðir frekar niður sem *bifreiðaskattar* og *aðrir neyslu- og leyfisskattar*. *Aðrir skattar á vöru og þjónustu* sem ekki falla undir ofangreinda undirflokkka eru taldi hér. Námugjöld, sem lögð eru á einkageirann eða önnur stjórnvöld vegna vinnslu auðlindar, eru flokkuð hér.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Skattar sem einvörðungu eru lagðir á innfluttan varning flokkast ekki hér heldur undir skattar á alþjóðaverslun og viðskipti.

<sup>2</sup> Þessar einokunarsölur eru að þessu leiti frábrugðnar einokunarfyrtækjum í eigu ríkisins eins og raforku-, póst- og símafyrtækjum, sem ekki verða til í þessum tilgangi.

<sup>3</sup> Námugjöld sem lögð eru á eigin auðlind flokkast sem leiga.

*Umtalsvert hefur dregið úr tekjum hins opinbera af vöru og þjónustusköttum eftir bankahrunið.*

Eins og fram kemur í töflu 4 hefur verulega dregið úr tekjum hins opinbera af vöru- og þjónustusköttum eftir hrún bankakerfisins, en árið 2009 nam þessi skattlagning 11,7% af landsframleiðslu samanborið við 17,2% af landsframleiðslu á þenslu árinu 2006. Þar er bæði um að ræða verulega lækkun í tekjum af virðisaukaskatti, sem lækkað hafa að raungildi um 30% mælt á mann síðustu tvö árin, og einnig tekjur af vörugjöldum, sem lækkað hafa um svipað hlutfall. Árið 2009 skiluðu vöru- og þjónustuskattar hinu opinbera um 175 milljörðum króna, en þar af skilaði virðisaukaskattur riflega 120 milljörðum króna og vörugjöld um 40 milljörðum króna. Neyslu- og leyfisskattar vega einnig þungt í þessari tegund skattlagningar, en gatnagerðagjöld og bifreiðaskattar eru þar umfangsmestu skattaliðirnir. Á árinu 2009 skiluðu neyslu- og leyfisskattar 11,3 milljörðum króna en veruleg lækkun varð frá árinu áður er þeir numu 23 milljörðum króna. Munar þar miklu um verulegt fall í tekjum sveitarfélaga af gatnagerðagjöldum og tekjum af sölu byggarréttar.

**Tafla 4. Vöru- og þjónustuskattar hins opinbera 1998–2009**  
*Table 4. General government taxes goods and services 1998–2009<sup>1</sup>*

Í milljörðum króna	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009
<b>114 Vöru- og þjónustuskattar</b>	<b>91,1</b>	<b>109,5</b>	<b>115,1</b>	<b>145,7</b>	<b>171,7</b>	<b>200,6</b>	<b>209,5</b>	<b>195,0</b>	<b>174,9</b>
1141 Almennir skattar á V&P	59,0	72,7	76,7	97,0	113,9	131,8	137,6	134,4	120,2
1142 Vörugjöld	21,7	23,6	24,5	31,2	38,3	43,7	45,9	40,4	39,9
1143 Sértaðir þjónustuskattar	1,4	1,7	1,7	2,1	2,2	2,6	3,0	3,4	3,4
1144 Neyslu- og leyfisskattar	9,0	11,6	12,1	15,5	17,3	22,5	23,0	16,8	11,3
<b>Hlutfall af landsframleiðslu</b>									
<b>114 Vöru- og þjónustuskattar</b>	<b>15,48</b>	<b>16,02</b>	<b>14,09</b>	<b>15,69</b>	<b>16,73</b>	<b>17,17</b>	<b>16,10</b>	<b>13,21</b>	<b>11,65</b>
1141 Almennir skattar á V&P	10,03	10,63	9,40	10,44	11,10	11,29	10,57	9,10	8,01
1142 Vörugjöld	3,70	3,45	3,00	3,36	3,74	3,74	3,53	2,73	2,66
1143 Sértaðir þjónustuskattar	0,24	0,25	0,21	0,22	0,21	0,22	0,23	0,23	0,23
1144 Neyslu- og leyfisskattar	1,52	1,69	1,48	1,67	1,68	1,92	1,77	1,14	0,75

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix I on page 43.

### 3.05 Skattar á alþjóðaverslun og -viðskipti

Eins og nafnið ber með sér leggst þessi tegund skatta á alþjóðaverslun og alþjóðaviðskipti. Undirflokkarnir eru 6 og ráðast af eðli skattstofnsins. *Tollar* leggjast fyrst og fremst á innfluttan varning (og þjónustu veitta af erlendum aðilum). *Útflutningsgjald* leggst á varning sem fluttur er úr landi. *Hagnaður af útflutnings- eða innflutningseinkasölu*. Hið opinbera getur sett á laggirnar einkasölu varðandi útflutting eða innflutting á varningi í því augnamiði að afla hinu opinbera tekna fyrst og fremst. *Skattur á mismun kaup- og sölugengis gjaldeyrir*. Hið opinbera eða peningavald þess (seðlabanki) getur í skjóli einokunar tekið skatt (álögu) á hluta af mismun kaup- og sölugengis gjaldeyrir. *Skattar á gjaldeyrisviðskipti* leggjast á viðskipti með gjaldeyri. *Aðrir skattar á alþjóðaverslun og viðskipti*. Þessi tekjuliður nær til þeirra skatta sem ekki flokkast undir undirliðina hér að ofan.

Á árinu 2009 hefur ríkissjóður um 5,3 milljarða króna tekjur af tollum eða sem svarar til 0,35% af landsframleiðslu, en það hlutfall er svipað nú og um miðjan áratuginn. Þá hefur ríkissjóður lítilsháttar tekjur af gjaldi á útflutting hrossa eins og fram kemur í töflu 25.

### 3.06 Aðrir skattar, ótaldir annars staðar

Hér undir falla skattar sem ekki hefur verið hægt að flokka á aðrar skatttegundir. Nefskattur er dæmigerður skattur sem telst hér með, einnig skattar sem erfitt er að greina á einn skattstofn. Þessi skatttegund er greind frekar niður á (1) *skatta á atvinnurekendur* og hins vegar (2) *skatta á aðra en atvinnurekendur*.

**Tafla 5. Aðrir skattar hins opinbera, ót.a.s. 1998–2009**

*Table 5. General government other taxes n.e.c. 1998–2009<sup>1</sup>*

Í milljörðum króna	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009
<b>116 Aðrir skattar ót.a.s.</b>	<b>1,05</b>	<b>0,99</b>	<b>1,40</b>	<b>1,47</b>	<b>1,60</b>	<b>1,58</b>	<b>1,76</b>	<b>2,15</b>	<b>6,20</b>
1161 Skattar á atvinnurekendur	0,52	0,42	0,65	0,59	0,66	0,56	0,63	0,85	1,05
1162 Skattar á aðra en atv.rek.	0,53	0,57	0,75	0,88	0,94	1,02	1,13	1,31	5,15
<b>Hlutfall af landsframleiðslu</b>									
<b>116 Aðrir skattar ót.a.s.</b>	<b>0,18</b>	<b>0,14</b>	<b>0,17</b>	<b>0,16</b>	<b>0,16</b>	<b>0,14</b>	<b>0,14</b>	<b>0,15</b>	<b>0,41</b>
1161 Skattar á atvinnurekendur	0,09	0,06	0,08	0,06	0,06	0,05	0,05	0,06	0,07
1162 Skattar á aðra en atv.rek.	0,09	0,08	0,09	0,10	0,09	0,09	0,09	0,09	0,34

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix I on page 43.

Á árinu 2009 skiliðu þessir skattar hinu opinbera 6,2 milljörðum króna eða 0,16% af landsframleiðslu; sjá töflu 25. Útvarpsgjaldið og gjald í Framkvæmdasjóð aldr-aðra, sem eru nefskattar, eru stærstu tekjuliðirnir og eru lagðir á alla á aldrinum 16–69 ára sem eru yfir skattleysismörkum. Þessi gjöld skiliðu hinu opinbera 5,15 milljörðum króna árið 2009. Dæmi um aðra skatta sem falla hér undir eru iðnaðarmálagjald, rafveitueftirlitsgjald og rekstrargjald Póst- og fjarskiptastofnunar.

### 3.07 Tryggingagjöld hins opinbera

Eins og segir í inngangi er ekki litið á tryggingagjaldið sem skatt þar sem greiðandinn er talinn öðlast aðgang að almannatryggingum í staðinn. Gjaldið er lagt á launagreiðslur og er eyrnamerkт almannatryggingum. Tryggingagjaldið er greint í þrennt eftir því hver uppruni þess er eða í (1) tryggingagjald greitt af launþegum, (2) tryggingagjald greitt af atvinnurekendum og (3) reiknað tryggingagjald.

**Tafla 6. Tryggingagjöld hins opinbera 1998–2009**

*Table 6. The general government social contributions 1998–2009<sup>1</sup>*

Í milljörðum króna	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009
<b>12 Tryggingagjöld</b>	<b>16,09</b>	<b>19,68</b>	<b>23,40</b>	<b>28,36</b>	<b>32,78</b>	<b>38,41</b>	<b>39,59</b>	<b>41,64</b>	<b>45,91</b>
12A Tryggingagjald, almennt	12,36	15,91	19,37	24,08	28,88	33,24	34,00	35,04	33,22
12B Atvinnutryggingagjald	3,46	3,47	3,67	3,97	3,52	4,36	4,79	5,66	11,41
12C Ábyrgðagjald vegna launa	0,13	0,15	0,18	0,20	0,22	0,66	0,75	0,88	1,21
12D Slysatr. iðgj. vegna sjóm.	0,14	0,15	0,18	0,12	0,16	0,15	0,05	0,07	0,07
<b>Hlutfall af landsframleiðslu</b>									
<b>12 Tryggingagjöld</b>	<b>2,73</b>	<b>2,88</b>	<b>2,87</b>	<b>3,05</b>	<b>3,19</b>	<b>3,29</b>	<b>3,03</b>	<b>2,82</b>	<b>3,06</b>
12A Tryggingagjald, almennt	2,10	2,33	2,37	2,59	2,81	2,84	2,60	2,37	2,21
12B Atvinnutryggingagjald	0,59	0,51	0,45	0,43	0,34	0,37	0,37	0,38	0,76
12C Ábyrgðagjald vegna launa	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,06	0,06	0,06	0,08
12D Slysatr. iðgj. vegna sjóm.	0,02	0,02	0,02	0,01	0,02	0,01	0,00	0,00	0,00

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix I on page 43.

*Sem hlutfall af landsframleiðslu  
hefur tryggingagjald haldist  
tiltölulega stöðugt síðasta  
áratuginn*

Á árinu 2009 námu tryggingagjöldin 45,9 milljörðum króna eða 3,1% af landsframleiðslu. Langstærsti hluti þeirra er almennt tryggingagjald sem skilaði rúmlega 33 milljörðum króna. Atvinnutryggingagjaldið skilaði hins vegar 11,4 milljörðum króna og ábyrgðagjald atvinnureknda vegna launa 1.212 milljónum króna. 71 milljón króna kom inn vegna slysatryggingaiðgjalds útgerðarmanna vegna sjómannna. Eins og lesa má úr töflu 6 hefur tryggingagjald sem hlutfall af landsframleiðslu haldist tiltölulega stöðugt síðasta áratuginn (sjá einnig töflu 26).

**Rammi 3. Tryggingagjöld og þróun þeirra**

Tryggingagjöld teljast til launatengdra gjalda, en það eru þau gjöld sem launa-greiðendur greiða vegna launakostnaðar við atvinnurekstur. Stofn tryggingagjalds eru allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem eru skattskyld samkvæmt lögum um tekjuskatt. Síðasta áratuginn hefur álagningaprósenta tryggingagjalds breyst nokkuð, en árið 2000 var hún 5,14% á stofn launa. Árið 2003 hækkaði prósantan í 5,64%, en lækkaði síðan aftur árið 2007 í 5,19%. Á miðju ári 2009 hækkaði prósantan í 6,75% og í byrjun árs 2010 í 8,35%. Hækkunin síðustu tvö árin skýrist fyrst og fremst af hækkun atvinnutryggingagjaldsins, sem hækkað hefur úr 0,65% í 3,81%.

### 3.08 Fjárfamlög hins opinbera

Fjárfamlög eru framlög frá innlendum eða erlendum stjórnvöldum eða frá alþjóðastofnunum. Famlög frá öðrum aðilum en þessum teljast ekki hér, heldur með öðrum tekjum. Greint er á milli þess hvort fjárfamlög séu rekstrarframlög eða fjármagnstilfærslur, en það fyrرنefnda er notað til reksturs en hið síðara til fjárfestinga. Fjárfamlög eru greind niður í þrjá meginflokk, þ.e. (1) fjárfamlög frá erlendum yfirvöldum, (2) fjárfamlög frá alþjóðastofnunum og (3) fjárfamlög frá öðrum innlendum opinberum aðilum, þ.e.a.s. í tilfelli ríkissjóðs frá sveitarfélögum og almannatryggingum.

**Tafla 7. Fjárfamlög (fengin) hins opinbera 1998–2009**  
*Table 7. The general government grants (received) 1998–2009<sup>1</sup>*

Í milljörðum króna	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009
<b>13 Fjárfamlög (fengin)</b>	<b>0,40</b>	<b>0,66</b>	<b>0,71</b>	<b>1,29</b>	<b>1,16</b>	<b>1,39</b>	<b>1,11</b>	<b>1,50</b>	<b>2,16</b>
13A Frá erlendum opinb. aðilum	0,00	0,03	0,04	0,04	0,04	0,03	0,00	0,00	0,00
13B Frá alþjóðastofnunum	0,40	0,63	0,67	1,25	1,12	1,36	1,11	1,50	2,16
<b>13 Fjárf. frá innl. opinb. aðilum</b>	<b>–</b>								
13C Ríkissjóðs, fengin framlög	0,3	0,5	0,6	0,5	0,5	0,7	0,7	0,9	5,8
13D Almannatr., fengin framlög	39,6	48,2	59,2	73,3	80,3	89,5	101,1	110,3	131,5
13E Sveitarfélög, fengin framlög	5,3	6,6	8,6	10,4	11,1	14,1	17,4	18,8	18,7

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix 1 on page 43.

*Fjárfamlög til hins opinbera  
tengast fyrst og fremst fræðslu-  
og rannsóknaverkefnum*

Mjög lágar fjárhæðir renna til hins opinbera í formi fjárfamlaga, en á árinu 2009 námu slík framlög um 2,2 milljörðum króna, en þau eru eingöngu frá alþjóðastofnunum og tengjast fyrst og fremst fræðslu- og rannsóknaverkefnum. Slík framlög renna yfirleitt beint til stofnana hins opinbera og flokkast sem sértekjur í bókhaldi þeirra. Í töflu 7 eru einnig sýnd fjárfamlög sem undirgeirar hins opinbera fá hvor frá öðrum. Þannig fá til dæmis almannatryggingar 131,5 milljarða króna í fjárfamlag frá ríkissjóði árið 2009 og sveitarfélögin 18,1 milljarð króna, en 0,6 milljarða króna fá sveitarfélögin frá almannatryggingum á því ári. Ríkissjóður fær fjárfamlög að fjárhæð 5,8 milljarða króna frá almannatryggingum og sveitarfélögum, en stærsti hlutinn er vegna S-lyfja sjúkrahúsanna. Við uppgjör á hinu opinbera

falla allar innbyrðisgreiðslur milli undirgeira hins opinbera niður til að forðast tvítalningu.

### 3.09 Aðrar tekjur hins opinbera

Að síðustu undir hinni hefðbundnu tekjuflokkun eru aðrar tekjur sem skiptast í 5 meginflokk, þ.e. (1) eignatekjur, (2) sala á vöru og þjónustu, (3) sektir og skaðabætur, (4) frjáls framlög önnur en fjárfamlög og að lokum (5) ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur. Hér á eftir verður þessum tekjum lýst nánar.

### 3.10 Eignatekjur hins opinbera

Hið opinbera fær í mörgum tilfellum tekjur af eignum sínum. Slíkar eignatekjur eru flokkaðar frekar í fimm undirflokkar eftir eðli og uppruna þeirra, þ.e. (1) vaxtatekjur, (2) arðgreiðslur, (3) tekjur af B-hluta fyrirtækjum, (4) eignatekjur sem tilheyra tryggingahöfum og (5) leigutekjur. *Vaxtatekjur* uppsker hið opinbera af innstæðum sínum, lánveitingum, verðbréfaeign og viðskiptakröfum. Þær falla stöðugt til og eru í rekstrargrunnsbókhaldi færðar til tekna jafnóðum og þær myndast. Sem eigandi framleiðslu- eða fjármálfyrirtækja fær hið opinbera *arðgreiðslur* af hlutabréfum sínum. Í flestum tilfellum greiðast slíkar arðgreiðslur af tekjum fyrirtækjanna. Sé hins vegar um óvenjulega (mikla) sölu á eignum að ræða er frekar litið á það sem innlausn hlutabréfa en arðgreiðslur.<sup>1</sup>

**Tafla 8. Eignatekjur hins opinbera 1998–2009**

Table 8. The general government property income 1998–2009<sup>1</sup>

Í milljörðum króna	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009
<b>141 Eignatekjur</b>	<b>14,89</b>	<b>18,10</b>	<b>21,61</b>	<b>19,69</b>	<b>26,17</b>	<b>33,41</b>	<b>46,09</b>	<b>57,05</b>	<b>53,36</b>
1411 Vaxtatekjur	6,96	9,85	15,01	10,05	10,20	20,35	29,52	49,58	47,02
1412 Arðgreiðslur	7,42	7,69	5,67	6,77	11,37	4,66	6,42	3,98	2,51
1415 Leigutekjur	0,51	0,57	0,93	2,87	4,60	8,41	10,15	3,49	3,83
<b>Hlutfall af landsframleiðslu</b>									
<b>141 Eignatekjur</b>	<b>2,53</b>	<b>2,65</b>	<b>2,65</b>	<b>2,12</b>	<b>2,55</b>	<b>2,86</b>	<b>3,52</b>	<b>3,86</b>	<b>3,56</b>
1411 Vaxtatekjur	1,18	1,44	1,84	1,08	0,99	1,74	2,26	3,35	3,13
1412 Arðgreiðslur	1,26	1,12	0,69	0,73	1,11	0,40	0,49	0,27	0,17
1415 Leigutekjur	0,09	0,08	0,11	0,31	0,45	0,72	0,78	0,24	0,26

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix 1 on page 43.

Greiði B-hluta fyrirtæki (e. *quasi-corporation*) hluta af tekjum sínum til hins opinbera flokkast þær undir sérstakan tekjulið eða *tekjur af B-hluta fyrirtækjum*. Sama gildir hér og varðandi arðgreiðslurnar að selji hið opinbera eignir í fyrirtækjum sínum er um að ræða innlausn hlutabréfa. Væri hið opinbera með í vörsu tryggingasjóð bæri því að færa ávöxtun hans til tekna á móti áunnum skuldbindingum hans og flokka þær tekjur undir *eignatekjur sem tilheyra tryggingahöfum*. Tekjur hins opinbera af leigu jarðeigna sinna og auðlindum flokkast sem *leigutekjur*. Svipað og með vaxtatekjur eru leigutekjur færðar til bókar jafnóðum og þær myndast. Mikilvægt er að greina á milli tekna sem koma til vegna leigu á framleiddum eignum (t.d. húsnæði) og náttúruauðlindum. Húsaleiga flokkast sem sala á vöru og þjónustu.

<sup>1</sup> Öll eign hins opinbera í framleiðslu- og fjármálfyrirtækjum skráist sem hlutabréf eða eignarhluti í bókum þess.

Við hrún bankakerfisins árið 2008 jukust skuldir hins opinbera verulega eða úr 697 milljörðum króna 2007 í 1.513 milljarða króna 2008 og er aukningin 170%. Í kjölfarið jukust vaxtagreiðslur hins opinbera mikið. En peningalegar eignir hins opinbera jukust einnig umtalsvert milli ára eða úr 711 milljörðum króna í 1.128 milljarða króna, aðallega vegna aukinna eignarhluta, lánveitinga og inneigna hins opinbera. Þessi 59% aukning í peningalegri eign hins opinbera jók verulega á vaxtatekjur þess sem námu 49,6 milljörðum króna árið 2008 í samanburði við 29,5 milljarða króna árið 2007. Árið 2009 voru vaxtatekjur hins opinbera 47 milljarðar króna eða 3,6% af landsframleiðslu.

Síðustu tvö árin hafa arðgreiðslur hins opinbera dregist verulega saman vegna efna-hagsástandsins, en árið 2009 runnu 2,5 milljarða króna til hins opinbera í formi arðgreiðslna samanborið við 4 milljarða króna 2008 og 6,4 milljarða króna 2007. Svipað er að segja um leigutekjur sem dregist hafa verulega saman, en árið 2009 námu þær 3,8 milljörðum króna samanborið við 10,2 milljarða króna 2007.

### **3.11 Sala hins opinbera á vöru og þjónustu**

Í mörgum tilfellum hefur hið opinbera tekjur af sölu á vöru og þjónustu, en í tekju-flokkun GFSM 2001 staðalsins er slík sala flokkuð niður í fjóra mismunandi undir-flokkka eftir eðli viðskiptanna og stöðu þeirra stofnana sem að þeim standa, eða í (1) sölutekjur fyrirtækja eða stofnana sem eru í markaðstengdri starfsemi, (2) neyslu- og leyfisgjöld, (3) tilfallandi sölu stofnana sem ekki eru í markaðsstarfsemi, og (4) reiknaða sölu á vöru og þjónustu. Eins og áður segir flokkast *sala fyrirtækja eða stofnana sem eru í markaðsstarfsemi* hér undir, en til að stofnun sé talin vera í markaðstengdri starfsemi þarf hún að selja mest af framleiðslu sinni á verði sem er marktað í efnahagslegum skilningi (hefur áhrif á eftirspurn og fram-boð).<sup>1</sup> Undir flestum kringumstæðum flokkast slíkar stofnanir utan hins opinbera geira (e. general government sector), en þó með opinberum aðilum (e. *public sector*) og þá sem fyrirtæki í eigu hins opinbera.

Eins og fram kom hér að framan varðandi neyslu- og leyfisskattana þá eru *neyslu- og leyfisgjöld* lögð á notkun varnings eða leyfi til notkunar varnings eða leyfi til ákveðinna athafna. Sé gjaldtakan í beinu samræmi við þá sérstöku þjónustu sem hið opinbera veitir skjólstæðingi sínum vegna útgáfu slíkra leyfa (heimilda) og augljóslega notuð til að fjármagna þá þjónustu sem veitt er (til skjólstæðingsins) þá er litið á gjaldið sem neyslu- og leyfisgjald, að öðrum kosti er litið á gjaldið sem skatt, sjá yfirlit um neyslu- og leyfisgjöld í töflu 29. Fjölmargir ríkisaðilar og ríkis-stofnanir eru með smávægilega sölu á ýmsri framleiðslu, þótt meginstarfsemi þeirra sé ekki fjármögnuð með þeirri sölu. Dæmi um slíka sölu eru skólagjöld, göngudeildargjöld og aðgangseyrir að söfnum og menningastofnunum. Einnig sala á útgáfum ýmissa ríkisstofnana, s.s. bóka og skýrslna og þess háttar. Tekjur þessara aðila flokkast sem *tilfallandi sala stofnana sem ekki eru í markaðstengdri starfsemi*. Í þeim tilfellum sem hið opinbera framleiðir vörur og þjónustu í þeim tilgangi að greiða starfsmönnum sínum í fríðu er nauðsynlegt að skrá slíka meðferð sem *reiknaða sölu á vöru og þjónustu* og færa til tekna.

Í töflu 9 má lesa að tekjur hins opinbera af sölu á vöru og þjónustu hafi skilað hinu opinbera 46,5 milljörðum króna árið 2009 eða 3,1% af landsframleiðslu. Þar af eru neyslu- og leyfisgjöld um 4,6 milljarðar króna og þjónustutekjur um 42 milljarðar króna. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa þjónustutekjur verið tiltölulega stöðug-

---

<sup>1</sup> Á ensku: economically significant prices.

ar síðasta áratuginn eða á bilinu 2,6 til 2,8% af landsframleiðslu. Neyslu- og leyfisgjöld hafa hins vegar farið lækkandi, en lækkunin varð allveruleg árið 2009.

**Tafla 9. Sala á vöru og þjónustu 1998–2009**

*Table 9. The general government sale of goods and services 1998–2009<sup>1</sup>*

Í milljörðum króna	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009
<b>142 Sala á vöru og þjónustu</b>	<b>20,67</b>	<b>22,98</b>	<b>27,26</b>	<b>32,38</b>	<b>35,92</b>	<b>37,61</b>	<b>41,03</b>	<b>47,49</b>	<b>46,48</b>
1422 Neyslu- og leyfisgjöld	4,10	4,82	5,86	6,35	6,72	7,21	7,64	8,60	4,56
1423 Þjónustutekjur	16,56	18,17	21,40	26,03	29,20	30,39	33,39	38,89	41,92
þ.a. ríkissjóður	7,97	8,86	11,49	13,75	14,94	15,64	15,69	19,04	19,65
þ.a. sveitarfélög	8,54	9,23	9,78	12,01	13,95	14,46	17,17	19,05	21,17
þ.a. almannatryggingar	0,06	0,07	0,14	0,28	0,32	0,29	0,53	0,80	1,11
<b>Hlutfall af landsframleiðslu</b>									
<b>142 Sala á vöru og þjónustu</b>	<b>3,51</b>	<b>3,36</b>	<b>3,34</b>	<b>3,49</b>	<b>3,50</b>	<b>3,22</b>	<b>3,14</b>	<b>3,21</b>	<b>3,10</b>
1422 Neyslu- og leyfisgjöld	0,70	0,70	0,72	0,68	0,65	0,62	0,58	0,58	0,30
1423 Þjónustutekjur	2,82	2,66	2,62	2,80	2,84	2,60	2,55	2,63	2,79

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix I on page 43.

Í töflu 10 er sala á vöru og þjónustu hins opinbera greind eftir málaflokkum. Fram kemur að þær tekjur eru hæstar í menntamálum, en 10 milljarða króna má rekja til þess málaflokks árið 2009. Þá runnu 8,7 milljarðar króna til málefna sem falla undir æðstu stjórnsýsluna, 7,5 milljarðar til heilbrigðismála og 7,1 milljarður til menningarmála.

**Tafla 10. Sala á vöru og þjónustu eftir málaflokkum**

*Table 10. The general government sale of goods and services by function<sup>1</sup>*

Í milljörðum króna	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009
<b>142 Sala á vöru og þjónustu</b>	<b>20,67</b>	<b>22,98</b>	<b>27,26</b>	<b>32,38</b>	<b>35,92</b>	<b>37,61</b>	<b>41,03</b>	<b>47,49</b>	<b>46,48</b>
01 Æðsta stjórnsýsla	2,71	3,61	4,41	4,60	5,05	5,90	7,38	8,43	8,73
02 Varnarmál	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
03 Lög- og réttargæsla	0,98	1,26	1,12	1,28	1,37	1,51	1,98	1,94	1,30
04 Efnahags- og atvinnumál	4,76	4,69	5,39	6,16	6,77	5,94	4,09	5,49	4,36
05 Umhverfismál	0,35	0,27	0,49	0,62	0,68	0,61	1,02	1,35	1,64
06 Húsnæðis- skipul- og veitumál	0,29	0,39	0,18	0,23	0,35	0,43	0,56	0,25	0,35
07 Heilbrigðismál	2,17	2,18	2,90	4,12	4,42	5,35	5,61	6,39	7,51
08 Menningar-, íþróttá- og trúumál	3,10	3,55	5,24	6,34	6,76	7,26	7,93	9,26	7,13
09 Menntamál	5,25	5,43	5,06	6,13	7,24	7,58	9,05	10,86	10,09
10 Almannatr. og velferðarmál	1,05	1,60	2,48	2,90	3,28	3,03	3,42	3,52	5,38

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix I on page 43.

### 3.12 Sektir og skaðabætur hins opinbera

Allar sektir og skaðabætur sem ríkið leggur á skal færa hér til tekna. Sömuleiðis skal færa hér skattsektir sé hægt að aðgreina þær frá skatttekjunum sjálfum. Á rekstrargrunni skal færa upp sektar- eða skaðabótakröfuna þegar hún myndast. Samtals námu sektir og skaðabætur hins opinbera 2,7 milljörðum króna árið 2009, en þar af skiluðu lögreglu- og dómssektir mestu eða 1,3 milljörðum króna á því ári. Sektir vegna óskoðaðra bifreiða komu nýjar inn árið 2009 og skiluðu 376 milljónum króna.

**Tafla 11. Sektir og skaðabætur 1998–2009***Table 11. The general government fines, penalties and forfeits 1998–2009<sup>1</sup>*

Í milljörðum króna	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009
<b>143 Sektir og skaðabætur</b>	<b>0,66</b>	<b>0,58</b>	<b>0,99</b>	<b>2,76</b>	<b>0,94</b>	<b>1,66</b>	<b>2,76</b>	<b>1,85</b>	<b>2,71</b>
143A Löggreglu- og dómssektir	0,52	0,51	0,75	1,07	0,64	1,16	1,10	1,04	1,33
143B Skatttekjur	0,01	0,05	0,21	0,11	0,19	0,27	0,25	0,18	0,35
143C Sektir Samk.ráðs ofl. sektir	0,13	0,02	0,03	1,58	0,11	0,24	1,41	0,63	0,66
143D Gjald, óskoðaðra ökutækja									0,38

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix 1 on page 43.

### 3.13 Frjálsar tilfærslur aðrar en fjárframlög

Hér undir falla allar gjafir og öll frjáls framlög frá öðrum aðilum en viðkomandi stjórnvaldi, þó ekki fjárframlög frá innlendum og erlendum stjórnvöldum og alþjóðastofnunum, sem flokkast sem fjárframlög undir 3.08 hér að framan. Frjálsu framlögin eru flokkuð frekar eftir því hvort þau eru ætluð til fjárfestingar eða ekki, þ.e. í rekstrartilfærslur og fjármagnstilfærslur.

**Tafla 12. Frjálsar tilfærslur aðrar en fjárframlög 1998–2009***Table 12. The general government voluntary grants other than grants 1998–2009<sup>1</sup>*

Í milljörðum króna	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009
<b>144 Frjálsar tilfærslur</b>	<b>1,14</b>	<b>1,24</b>	<b>1,56</b>	<b>0,89</b>	<b>1,68</b>	<b>1,48</b>	<b>1,51</b>	<b>1,42</b>	<b>1,51</b>
1441 Rekstrarframlög	0,54	0,57	0,59	0,67	0,78	1,09	1,24	1,19	1,30
1442 Fjárfestingarframlög	0,60	0,67	0,97	0,21	0,91	0,39	0,27	0,23	0,22

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix 1 on page 43.

Þær tekjur sem falla hér undir snerta fyrst og fremst ríkissjóð og þá aðallega rannsóknir ýmiss konar og mennta- og heilbrigðismál, en á árinu 2009 námu frjáls framlög af þessum toga 1,5 milljörðum króna.

### 3.14 Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur

Hér undir falla tekjur sem ekki er hægt að finna stað annars staðar undir tekjuflokkuninni. Að stærstum hluta er um að ræða tekjur sveitarfélaga, ábyrgðargjald Landsvirkjunar og aðrar tekjur sem erfitt hefur verið að flokka með réttum hætti vegna ónógra upplýsinga. Á árinu 2009 námu þessar tekjur 2,2 milljörðum króna.

**Tafla 13. Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur hins opinbera 1998–2009***Table 13. The general government miscellaneous and unidentified revenue 1998–2009<sup>1</sup>*

Í milljörðum króna	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009
<b>145 Ýmsar tekjur og óskilgr.</b>	<b>0,45</b>	<b>0,47</b>	<b>0,70</b>	<b>0,83</b>	<b>1,22</b>	<b>1,05</b>	<b>1,19</b>	<b>1,84</b>	<b>2,22</b>
145A Ýmsar tekjur ríkissjóðs	0,45	0,47	0,37	0,40	0,35	0,29	0,30	0,68	0,37
145B Ýmsar tekjur sveitarfélaga	0,00	0,00	0,33	0,43	0,87	0,76	0,89	1,16	1,85

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix 1 on page 43.

#### **4. Evrópska efnahagssvæðið**

Vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu er mikið talnaefni sent Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Þar á meðal upplýsingar um tekjur hins opinbera og undirgeira þess. Reglulega hefur Eurostat gefið út skýrsluna „Taxation trends in the European Union“ sem fjallar um skattapróun aðildarríkjanna. Í ár birtast í fyrsta skiptið tekjuupplýsingar frá Íslandi í skýrslunni, en undanfarna áratugi hafa upplýsingar frá Íslandi einungis birst í skýrslu OECD, „Revenue Statistics“, og skýrslu AGS, „Government Finance Statistics Yearbook“. Á vef Eurostat hafa þó birst tekjuupplýsingar frá Íslandi og hefur grunntafla stofnunarinnar um skatta og tryggingagjöld, þ.e. tafla 9, verið lögð til grundvallar upplýsingaflun.

Tafla 28 í töfliðauka sýnir uppbyggingu áðurnefndrar töflu Eurostat (töflu 9). Sköttum er þar skipt niður á þrijá meginflokk, þ.e. (D2) framleiðslu- og innflutningsskatta, (D5) tekju- og eignarskatta og (D91) skatta á eignir og fjármagn, en þessi skipting er í samræmi við þjóðhagsreikninga. Framleiðslu- og innflutnings-skattar eru flokkaðir frekar niður á (D21) vöru- og þjónustuskatta og (D29) aðra skatta á framleiðslu, sem hvort tveggja eru flokkað niður enn frekar. Tekju- og eignarskattar eru flokkaðir niður á (D51) tekjuskatta og (D59) aðra viðskiptaskatta, sem aftur eru flokkaðir niður á undirflokk. Að síðustu er í töflu 9 (töflu 28 í þessu hefti) að finna upplýsingar um tryggingagjöld, bæði þvinguð og frjáls og eftir greiðendum.

Í töflu 29 er að finna greiningu á öllum skattliðum sem eru til staðar hér á landi eða með öðrum orðum tegundalista skatta og tryggingagjalda hér á landi. Þessi listi er unninn fyrir Evrópusambandið og er uppfærður eftir þörfum. Uppbygging hans er sú sama og fram kemur í Eurostat töflu 9 (töflu 28 í töfliðauka).

#### **5. Samanburður á heildartekjum hins opinbera milli landa**


Í töflu 30 er að finna heildartekjur OECD-ríkja sem hlutfall af landsframleiðslu á árabilinu 1992–2009 og í mynd 3 eru niðurstöður fyrir Norðurlöndin bornar saman ásamt Bretlandi og OECD-ríkjum í heild.

Á myndinni sést að hlutfall heildartekna hins opinbera af landsframleiðslu á umræddu tímabili er mjög áþekkt á Norðurlöndunum að Íslandi undanskildu. Árið 2009 var hlutfallið um 55% af landsframleiðslu að meðaltali, en í Finnlandi var það örliðið lægra eða 53%. Hér á landi hefur þetta hlutfall lækkað mjög síðustu tvö árin vegna efnahagshrunsins, en það nam um 41% af landsframleiðslu árið 2009 samanborið við 48% árið 2006 þegar það náði hámarki. Hlutfallið hér á landi árið 2009 er svipað og í Bretlandi, en þó tölvert hærra en meðaltal OECD-ríkjanna í heild sem var 36,5% af landsframleiðslu 2009. Á evrusvæðinu var hlutfall heildartekna af landsframleiðslu 44,5% að meðaltali árið 2009 eins og fram kemur í töflu 30.

Við samanburð á tekjum og útgjöldum hins opinbera er mikilvægt að hafa í huga að fyrirkomulag lífeyrissjóðakerfa milli ríkja getur verið með mjög mismunandi hætti sem getur því skekkt samanburðinn. Í sumum löndum getur fjármögnun og greiðslur vegna lífeyris verið í gegnum opinbera geirann en í öðrum í gegnum fjármálageirann. Hvernig farið er með þessi kerfi í uppgjöri þjóðhagsreikninga ræðst af eðli kerfanna og aðkomu hins opinbera að þeim. Hér á landi teljast lífeyrissjóðirnir með fjármálageiranum þar sem þeir eru mjög sjálfstæðir og aðkoma ríkisvaldsins að þeim með minnsta móti. Á hinum Norðurlöndunum er aðkoma hins opinbera mun meiri og flokkast þeir þar að hluta með opinbera geiranum. Tafla 31 í töflu-

viðauka sýnir hlutfall tryggingagjalfa af landsframleiðslu í ríkjum Evrópusambandsins, en það gjald er notað til að fjármagna almannatryggingakerfi þeirra að hluta. Fram kemur að á Íslandi var tryggingagjaldið 2,8% af landsframleiðslu árið 2008 á sama tíma og það var 11,3% í Svíþjóð, 12,1% í Finnlandi og 8,9% í Noregi sem dæmi. Hæst var það í Tékklandi og Frakklandi, riflega 16% af landsframleiðslu.

**Mynd 4. Heildartekjur hins opinbera sem hlutfall af VLF**  
*Figure 4. The general government total revenue as per cent of GDP*



Tafla 14 sýnir iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða hér á landi á árunum 1998 til 2009, bæði í fjárhæðum og sem hlutfall af landsframleiðslu. Þessar upplýsingar gefa til kynna umfang þessara greiðslna hér á landi.

**Tafla 14. Iðgjöld til lífeyrissjóða án séreignasparnaðar 1998–2009<sup>1</sup>**  
*Table 14. The pension fund premiums excluding personally identified 1998–2009<sup>1</sup>*

	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Iðgjöld til lífeyrissjóðs, ma.kr.	37,5	49,4	59,2	62,3	72,9	79,0	108,4	108,1	103,0
Iðgjöld sem hlutfall af VLF	6,4	7,2	7,3	6,7	7,1	6,8	8,3	7,3	6,9

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix 1 on page 43.

Frekari upplýsingar um opinber fjármál í OECD-ríkjunum er að finna á eftirfarandi slóð: [www.oecd.org/statisticsdata/0,3381,en\\_2649\\_34109\\_1\\_119656\\_1\\_1\\_1,00.html](http://www.oecd.org/statisticsdata/0,3381,en_2649_34109_1_119656_1_1_1,00.html). Sjá einnig slóðina: [www.oecd-ilibrary.org/economics/oecd-factbook-2010\\_factbook-2010-en](http://www.oecd-ilibrary.org/economics/oecd-factbook-2010_factbook-2010-en).

## English summary

The general government total revenue increased from 35.4% of GDP in 1980 to 48.0% in 2006 when it peaked, measured in this way. Following the financial crises it fell down to 40.9% of GDP in 2009, similar to 1998. The central government revenue developed in a similar way, from 28.3% of GDP in 1980 to 35.3% in 2006 and then down to 29.5% in 2009 (see figure 1 on page 3). The local government revenue has, on the other hand, nearly doubled as a percentage of GDP, from 7.2% in 1980 to 14.2% of GDP in 2007. Since then it has decreased to 12.6% of GDP in 2009. This increase is mainly due to a transfer of functions from the central government to the local governments and improved quality increases in local government services. The social security revenue has risen only slightly from 7.2% of GDP in 1980 to 7.6% in 2008, but in 2009 it jumped to 8.9% of GDP because of increasing unemployment and changes in the financing of so-called S-medicine consumed in the two largest hospitals in Iceland. In 2009 prices, the general government revenue amounted to 1,924 thousand ISK per head in 2009 compared with 1,075 thousand ISK in 1980, having increased by 79% in real terms during the period. The revenue measured in this way peaked in 2007 when it was 2,441 thousand ISK per head.

The revenue classification is based on the IMF Government Finance Statistics Manual from 2001 (GFSM 2001), which classifies government revenue into four main categories. The tax revenue is the largest category comprising 73.9% of the total revenue in 2009, having decreased from 78.6% of the total revenue in 2007. The tax revenue peaked in 2006 as percentage of GDP and was 38.1%. In 2009, the tax revenue comprised 30.7% of GDP, a little lower than in 1998. The size of the social contributions in total government revenue has been relatively stable in the last decade at 6–7% or around 3% of GDP. The grants received from international organizations have been of trivial importance or around 0.1% of GDP. Finally, the share of other government revenue is about 19% of the total revenue. The property income has been rising in the recent years, but the sale of goods and services has been relatively stable during this period.



**Tafla 15. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 1980–2009**  
 Table 15. *The general government total revenue by subsectors 1980–2009*

	1980	1982	1984	1986	1988	1990	1992	1994
<b>Verðlagi hvers árs, m.kr. Current prices, million ISK</b>								
Hið opinbera General government	5.665	14.771	32.997	57.168	102.122	141.619	163.918	169.736
Ríkissjóður Central government	4.526	11.772	25.885	45.000	80.126	112.453	130.153	134.452
Sveitarfélög Local government	1.147	3.014	7.123	12.176	22.140	30.369	35.881	37.729
Almannatryggingar Social security funds	1.152	2.940	6.159	11.672	17.808	24.355	28.539	30.684
Millif. milli stjórnsýslustiga Grants bet. subsectors	-1.160	-2.953	-6.169	-11.679	-17.953	-25.558	-30.654	-33.130
<b>Verðlag 2009 í m.kr. 2009 prices in thous. ISK<sup>1</sup></b>								
Hið opinbera General government	245.286	279.043	277.083	291.719	352.825	345.760	356.995	353.804
Ríkissjóður Central government	195.997	222.379	217.358	229.624	276.831	274.552	283.458	280.257
Sveitarfélög Local government	49.653	56.927	59.812	62.133	76.494	74.144	78.145	78.645
Almannatryggingar Social security funds	49.870	55.529	51.715	59.559	61.526	59.462	62.155	63.960
Millif. milli stjórnsýslustiga Grants bet. subsectors	-50.233	-55.792	-51.801	-59.598	-62.026	-62.399	-66.762	-69.058
<b>Á mann á verðlagi 2009 í þús. kr.</b>								
<i>Per capita in 2009 prices in thous. ISK<sup>1</sup></i>								
Hið opinbera General government	1.075,1	1.192,5	1.156,9	1.199,5	1.411,9	1.357,0	1.367,3	1.330,1
Ríkissjóður Central government	859,0	950,3	907,6	944,1	1.107,8	1.077,6	1.085,6	1.053,6
Sveitarfélög Local government	217,6	243,3	249,7	255,5	306,1	291,0	299,3	295,7
Almannatryggingar Social security funds	218,6	237,3	215,9	244,9	246,2	233,4	238,0	240,4
Millif. milli stjórnsýslustiga Grants bet. subsectors	-220,2	-238,4	-216,3	-245,0	-248,2	-244,9	-255,7	-259,6
<b>Hlutfall af landsframleiðslu Per cent of GDP</b>								
Hið opinbera General government	35,4	37,9	36,9	35,4	39,5	38,1	40,8	38,6
Ríkissjóður Central government	28,3	30,2	28,9	27,9	31,0	30,3	32,4	30,5
Sveitarfélög Local government	7,2	7,7	8,0	7,5	8,6	8,2	8,9	8,6
Almannatryggingar Social security funds	7,2	7,5	6,9	7,2	6,9	6,6	7,1	7,0
Millif. milli stjórnsýslustiga Grants bet. subsectors	-7,3	-7,6	-6,9	-7,2	-6,9	-6,9	-7,6	-7,5
<b>Vísitala útgjalda á mann Index per capita</b>								
Hið opinbera General government	100,0	110,9	107,6	111,6	131,3	126,2	127,2	123,7
Ríkissjóður Central government	100,0	110,6	105,6	109,9	129,0	125,4	126,4	122,6
Sveitarfélög Local government	100,0	111,8	114,8	117,4	140,7	133,7	137,5	135,9
Almannatryggingar Social security funds	100,0	108,6	98,8	112,0	112,6	106,8	108,9	110,0
Millif. milli stjórnsýslustiga Grants bet. subsectors	100,0	108,3	98,2	111,3	112,7	111,2	116,1	117,9
<b>Raunhækkun milli ára Annual volume change, %</b>								
Hið opinbera General government	•	5,2	7,4	6,4	10,6	0,1	-0,8	2,5
Ríkissjóður Central government	•	5,0	6,2	6,1	10,4	1,7	-0,9	3,0
Sveitarfélög Local government	•	6,0	12,1	7,7	12,0	-2,3	1,3	2,2
Almannatryggingar Social security funds	•	3,3	-1,0	7,0	4,8	-0,6	0,8	1,2
Millif. milli stjórnsýslustiga Grants bet. subsectors	•	3,5	-1,2	7,2	5,6	3,7	2,8	2,9
<b>VLF í milljörðum króna GDP in billion ISK</b>								
Vísitala samneyslunnar Prices of gov. consumption	16,0	39,0	89,4	161,6	258,8	371,4	401,4	440,3
Meðalmannfjöldi, þús. Mid-year population, thous.	3,94	9,03	20,31	33,42	49,37	69,86	78,31	81,82
	228,2	234,0	239,5	243,2	249,9	254,8	261,1	266,0

<sup>1</sup> Tekjur hins opinbera staðvartar með verðvísitölu landsframleiðslu. *The general government revenue deflated by prices of GDP.*

1996	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
<b>197.221</b>	<b>240.601</b>	<b>273.162</b>	<b>297.838</b>	<b>323.504</b>	<b>340.492</b>	<b>360.028</b>	<b>409.478</b>	<b>483.564</b>	<b>560.453</b>	<b>623.785</b>	<b>653.559</b>	<b>614.290</b>
155.661	181.919	208.547	225.621	241.116	252.775	268.032	306.851	363.568	412.839	454.588	476.903	442.597
46.941	64.132	71.049	78.828	90.951	96.134	101.929	112.754	130.681	161.176	185.263	193.381	189.279
33.739	39.728	43.649	48.725	53.385	59.812	67.018	73.720	80.901	90.529	103.043	112.936	133.401
-39.120	-45.178	-50.083	-55.336	-61.947	-68.229	-76.950	-83.848	-91.586	-104.090	-119.109	-129.661	-150.987
<b>389.494</b>	<b>439.148</b>	<b>482.855</b>	<b>507.979</b>	<b>507.914</b>	<b>506.114</b>	<b>531.846</b>	<b>590.080</b>	<b>677.591</b>	<b>721.729</b>	<b>760.110</b>	<b>712.005</b>	<b>614.290</b>
307.417	332.040	368.637	384.809	378.561	375.729	395.947	442.190	509.447	531.638	553.935	519.551	442.597
92.704	117.055	125.590	134.445	142.796	142.895	150.573	162.485	183.116	207.555	225.751	210.675	189.279
66.631	72.513	77.157	83.103	83.816	88.906	99.001	106.235	113.362	116.579	125.563	123.035	133.401
-77.258	-82.459	-88.528	-94.379	-97.259	-101.417	-113.674	-120.829	-128.335	-134.043	-145.139	-141.256	-150.987
<b>1.448,3</b>	<b>1.603,9</b>	<b>1.742,0</b>	<b>1.806,8</b>	<b>1.781,8</b>	<b>1.760,0</b>	<b>1.838,6</b>	<b>2.016,8</b>	<b>2.290,2</b>	<b>2.371,5</b>	<b>2.441,0</b>	<b>2.229,5</b>	<b>1.924,2</b>
1.143,1	1.212,7	1.329,9	1.368,7	1.328,0	1.306,6	1.368,8	1.511,3	1.721,9	1.746,9	1.778,9	1.626,9	1.386,4
344,7	427,5	453,1	478,2	500,9	496,9	520,5	555,3	618,9	682,0	725,0	659,7	592,9
247,8	264,8	278,4	295,6	294,0	309,2	342,2	363,1	383,2	383,1	403,2	385,3	417,9
-287,3	-301,2	-319,4	-335,7	-341,2	-352,7	-393,0	-413,0	-433,8	-440,4	-466,1	-442,3	-472,9
<b>40,5</b>	<b>40,9</b>	<b>43,2</b>	<b>43,6</b>	<b>41,9</b>	<b>41,7</b>	<b>42,8</b>	<b>44,1</b>	<b>47,1</b>	<b>48,0</b>	<b>47,7</b>	<b>44,2</b>	<b>40,9</b>
31,9	30,9	33,0	33,0	31,2	31,0	31,9	33,0	35,4	35,3	34,7	32,3	29,5
9,6	10,9	11,2	11,5	11,8	11,8	12,1	12,1	12,7	13,8	14,2	13,1	12,6
6,9	6,8	6,9	7,1	6,9	7,3	8,0	7,9	7,9	7,7	7,9	7,6	8,9
-8,0	-7,7	-7,9	-8,1	-8,0	-8,4	-9,1	-9,0	-8,9	-8,9	-9,1	-8,8	-10,1
<b>134,7</b>	<b>149,2</b>	<b>162,0</b>	<b>168,1</b>	<b>165,7</b>	<b>163,7</b>	<b>171,0</b>	<b>187,6</b>	<b>213,0</b>	<b>220,6</b>	<b>227,1</b>	<b>207,4</b>	<b>179,0</b>
133,1	141,2	154,8	159,3	154,6	152,1	159,3	175,9	200,4	203,4	207,1	189,4	161,4
158,4	196,5	208,2	219,7	230,2	228,3	239,2	255,2	284,4	313,4	333,1	303,1	272,4
113,4	121,2	127,4	135,2	134,5	141,5	156,6	166,1	175,3	175,3	184,5	176,3	191,2
130,5	136,8	145,1	152,5	155,0	160,2	178,5	187,6	197,0	200,1	211,7	200,9	214,8
<b>7,1</b>	<b>7,3</b>	<b>10,0</b>	<b>5,2</b>	<b>0,0</b>	<b>-0,4</b>	<b>5,1</b>	<b>10,9</b>	<b>14,8</b>	<b>6,5</b>	<b>5,3</b>	<b>-6,3</b>	<b>-13,7</b>
7,5	6,5	11,0	4,4	-1,6	-0,7	5,4	11,7	15,2	4,4	4,2	-6,2	-14,8
12,0	9,9	7,3	7,1	6,2	0,1	5,4	7,9	12,7	13,3	8,8	-6,7	-10,2
1,0	11,5	6,4	7,7	0,9	6,1	11,4	7,3	6,7	2,8	7,7	-2,0	8,4
8,7	11,4	7,4	6,6	3,1	4,3	12,1	6,3	6,2	4,4	8,3	-2,7	6,9
<b>487,5</b>	<b>588,4</b>	<b>632,4</b>	<b>683,7</b>	<b>771,9</b>	<b>816,5</b>	<b>841,3</b>	<b>928,9</b>	<b>1.026,7</b>	<b>1.168,6</b>	<b>1.308,5</b>	<b>1.477,9</b>	<b>1.500,8</b>
86,4	93,4	96,5	100,0	108,6	114,7	115,5	118,4	121,7	132,4	140,0	156,6	170,6
268,9	273,8	277,2	281,2	285,1	287,6	289,3	292,6	295,9	304,3	311,4	319,4	319,2

**Tafla 16. Heildartekjur hins opinbera árin 1998–2009 eftir tekjuflokkum**  
 Table 16. The general government revenues 1998–2009, classified by main categories<sup>1</sup>

Verðlag hvers árs, m.kr. Current prices, million ISK	1998	2000	2002	2004	2006	2007	2008	2009
<b>1 Heildartekjur Total revenue</b>	<b>240.601</b>	<b>297.838</b>	<b>340.492</b>	<b>409.478</b>	<b>560.453</b>	<b>623.785</b>	<b>653.559</b>	<b>614.290</b>
<b>11 Skatttekjur</b>	<b>186.304</b>	<b>234.125</b>	<b>264.270</b>	<b>323.275</b>	<b>445.445</b>	<b>490.503</b>	<b>500.773</b>	<b>459.925</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	76.630	101.488	124.759	149.749	213.633	241.378	263.455	239.890
112 Skattar á launagreiðslur og vinnuafli	121	184	226	516	390	1.519	2.243	2.470
113 Eignarskattar	15.064	19.218	20.333	22.723	24.660	30.860	32.039	31.163
114 Skattar á vöru og þjónustu	91.108	109.543	115.074	145.728	200.561	209.542	195.018	174.890
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.329	2.702	2.475	3.086	4.621	5.446	5.864	5.309
116 Aðrir skattar	1.052	991	1.403	1.474	1.579	1.758	2.153	6.203
<b>12 Tryggingagjöld</b>	<b>16.088</b>	<b>19.680</b>	<b>23.397</b>	<b>28.364</b>	<b>38.414</b>	<b>39.594</b>	<b>41.644</b>	<b>45.912</b>
<b>13 Fjárframlög</b>	<b>402</b>	<b>655</b>	<b>706</b>	<b>1.286</b>	<b>1.386</b>	<b>1.112</b>	<b>1.502</b>	<b>2.156</b>
<b>14 Aðrar tekjur</b>	<b>37.807</b>	<b>43.378</b>	<b>52.119</b>	<b>56.553</b>	<b>75.208</b>	<b>92.577</b>	<b>109.640</b>	<b>106.297</b>
141 Eignatekjur	14.892	18.102	21.608	19.690	33.412	46.094	57.047	53.364
142 Sala á vöru og þjónustu	20.666	22.983	27.263	32.380	37.605	41.029	47.491	46.485
143 Sektir og skaðabætur	660	580	985	2.762	1.663	2.757	1.846	2.714
144 Frjáls fjárframlög	1.140	1.241	1.560	887	1.480	1.506	1.419	1.511
145 Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	449	471	702	835	1.048	1.190	1.837	2.223
<b>Hlutfall af VLF Per cent of GDP</b>								
<b>1 Heildartekjur Total revenue</b>	<b>40,89</b>	<b>43,56</b>	<b>41,70</b>	<b>44,08</b>	<b>47,96</b>	<b>47,67</b>	<b>44,22</b>	<b>40,93</b>
<b>11 Skatttekjur</b>	<b>31,66</b>	<b>34,24</b>	<b>32,37</b>	<b>34,80</b>	<b>38,12</b>	<b>37,49</b>	<b>33,88</b>	<b>30,65</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	13,02	14,84	15,28	16,12	18,28	18,45	17,83	15,98
112 Skattar á launagreiðslur og vinnuafli	0,02	0,03	0,03	0,06	0,03	0,12	0,15	0,16
113 Eignarskattar	2,56	2,81	2,49	2,45	2,11	2,36	2,17	2,08
114 Skattar á vöru og þjónustu	15,48	16,02	14,09	15,69	17,16	16,01	13,20	11,65
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	0,40	0,40	0,30	0,33	0,40	0,42	0,40	0,35
116 Aðrir skattar	0,18	0,14	0,17	0,16	0,14	0,13	0,15	0,41
<b>12 Tryggingagjöld</b>	<b>2,73</b>	<b>2,88</b>	<b>2,87</b>	<b>3,05</b>	<b>3,29</b>	<b>3,03</b>	<b>2,82</b>	<b>3,06</b>
<b>13 Fjárframlög</b>	<b>0,07</b>	<b>0,10</b>	<b>0,09</b>	<b>0,14</b>	<b>0,12</b>	<b>0,08</b>	<b>0,10</b>	<b>0,14</b>
<b>14 Aðrar tekjur</b>	<b>6,43</b>	<b>6,34</b>	<b>6,38</b>	<b>6,09</b>	<b>6,44</b>	<b>7,07</b>	<b>7,42</b>	<b>7,08</b>
141 Eignatekjur	2,53	2,65	2,65	2,12	2,86	3,52	3,86	3,56
142 Sala á vöru og þjónustu	3,51	3,36	3,34	3,49	3,22	3,14	3,21	3,10
143 Sektir og skaðabætur	0,11	0,08	0,12	0,30	0,14	0,21	0,12	0,18
144 Frjáls fjárframlög	0,19	0,18	0,19	0,10	0,13	0,12	0,10	0,10
145 Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	0,08	0,07	0,09	0,09	0,09	0,09	0,12	0,15
<b>Á mann í þúsundum króna á verðlagi 2009<sup>2</sup></b>								
<b>1 Heildartekjur Total revenue</b>	<b>1.603,9</b>	<b>1.806,8</b>	<b>1.760,0</b>	<b>2.016,8</b>	<b>2.371,5</b>	<b>2.441,0</b>	<b>2.229,5</b>	<b>1.924,2</b>
<b>11 Skatttekjur</b>	<b>1.242,0</b>	<b>1.420,3</b>	<b>1.366,0</b>	<b>1.592,2</b>	<b>1.884,9</b>	<b>1.919,4</b>	<b>1.708,3</b>	<b>1.440,7</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	510,8	615,7	644,9	737,5	904,0	944,6	898,7	751,4
112 Skattar á launagreiðslur og vinnuafli	0,8	1,1	1,2	2,5	1,7	5,9	7,7	7,7
113 Eignarskattar	100,4	116,6	105,1	111,9	104,3	120,8	109,3	97,6
114 Skattar á vöru og þjónustu	607,4	664,5	594,8	717,7	848,7	820,0	665,3	547,8
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	15,5	16,4	12,8	15,2	19,6	21,3	20,0	16,6
116 Aðrir skattar	7,0	6,0	7,3	7,3	6,7	6,9	7,3	19,4
<b>12 Tryggingagjöld</b>	<b>107,2</b>	<b>119,4</b>	<b>120,9</b>	<b>139,7</b>	<b>162,5</b>	<b>154,9</b>	<b>142,1</b>	<b>143,8</b>
<b>13 Fjárframlög</b>	<b>2,7</b>	<b>4,0</b>	<b>3,7</b>	<b>6,3</b>	<b>5,9</b>	<b>4,4</b>	<b>5,1</b>	<b>6,8</b>
<b>14 Aðrar tekjur</b>	<b>252,0</b>	<b>263,1</b>	<b>269,4</b>	<b>278,5</b>	<b>318,2</b>	<b>362,3</b>	<b>374,0</b>	<b>333,0</b>
141 Eignatekjur	99,3	109,8	111,7	97,0	141,4	180,4	194,6	167,2
142 Sala á vöru og þjónustu	137,8	139,4	140,9	159,5	159,1	160,6	162,0	145,6
143 Sektir og skaðabætur	4,4	3,5	5,1	13,6	7,0	10,8	6,3	8,5
144 Frjáls fjárframlög	7,6	7,5	8,1	4,4	6,3	5,9	4,8	4,7
145 Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	3,0	2,9	3,6	4,1	4,4	4,7	6,3	7,0

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix I on page 43.

<sup>2</sup> Tekjur hins opinbera staðvirkta með verðvisitölu landsframleidiðslu. The general government revenue deflated by prices of GDP

**Tafla 17. Heildartekjur hins opinbera eftir tekjuflokkum og stjórnsýslustigum**Table 17. The general government total revenue, classified by revenue categories and subsectors<sup>1</sup>

Verðlag hvers árs, m.kr. Current prices, million ISK	1998	2000	2002	2004	2006	2007	2008	2009
<b>1 Heildartekjur hins opinbera</b>	<b>240.601</b>	<b>297.838</b>	<b>340.492</b>	<b>409.478</b>	<b>560.453</b>	<b>623.785</b>	<b>653.559</b>	<b>614.290</b>
<b>11 Skatttekjur</b>	<b>186.304</b>	<b>234.125</b>	<b>264.270</b>	<b>323.275</b>	<b>445.445</b>	<b>490.503</b>	<b>500.773</b>	<b>459.925</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	76.630	101.488	124.759	149.749	213.633	241.378	263.455	239.890
112 Skattar á launagreiðslur og vinnuafli	121	184	226	516	390	1.519	2.243	2.470
113 Eignarskattar	15.064	19.218	20.333	22.723	24.660	30.860	32.039	31.163
114 Skattar á vöru og þjónustu	91.108	109.543	115.074	145.728	200.561	209.542	195.018	174.890
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.329	2.702	2.475	3.086	4.621	5.446	5.864	5.309
116 Aðrir skattar	1.052	991	1.403	1.474	1.579	1.758	2.153	6.203
<b>12 Tryggingagjöld</b>	<b>16.088</b>	<b>19.680</b>	<b>23.397</b>	<b>28.364</b>	<b>38.414</b>	<b>39.594</b>	<b>41.644</b>	<b>45.912</b>
<b>13 Fjárfamlög</b>	<b>402</b>	<b>655</b>	<b>706</b>	<b>1.286</b>	<b>1.386</b>	<b>1.112</b>	<b>1.502</b>	<b>2.156</b>
<b>14 Aðrar tekjur</b>	<b>37.807</b>	<b>43.378</b>	<b>52.119</b>	<b>56.553</b>	<b>75.208</b>	<b>92.577</b>	<b>109.640</b>	<b>106.297</b>
141 Eignatekjur	14.892	18.102	21.608	19.690	33.412	46.094	57.047	53.364
142 Sala á vöru og þjónustu	20.666	22.983	27.263	32.380	37.605	41.029	47.491	46.485
143 Sektir og skaðabætur	660	580	985	2.762	1.663	2.757	1.846	2.714
144 Frjáls fjárfamlög	1.140	1.241	1.560	887	1.480	1.506	1.419	1.511
145 Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	449	471	702	835	1.048	1.190	1.837	2.223
<b>1 Heildartekjur ríkissjóðs</b>	<b>181.919</b>	<b>225.621</b>	<b>252.775</b>	<b>306.851</b>	<b>412.839</b>	<b>454.588</b>	<b>476.903</b>	<b>447.448</b>
<b>11 Skatttekjur</b>	<b>139.063</b>	<b>174.681</b>	<b>192.973</b>	<b>240.338</b>	<b>327.982</b>	<b>357.360</b>	<b>360.148</b>	<b>321.362</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	39.748	55.509	66.518	83.548	128.105	143.376	157.515	132.273
112 Skattar á launagreiðslur og vinnuafli	121	184	226	516	390	1.519	2.243	2.470
113 Eignarskattar	7.265	9.111	10.232	10.660	7.803	10.292	6.268	3.678
114 Skattar á vöru og þjónustu	88.787	106.203	112.300	141.158	185.554	195.014	186.119	171.432
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.329	2.702	2.475	3.086	4.621	5.446	5.864	5.309
116 Aðrir skattar	813	973	1.221	1.369	1.508	1.713	2.138	6.200
<b>12 Tryggingagjöld</b>	<b>16.088</b>	<b>19.680</b>	<b>23.397</b>	<b>28.364</b>	<b>38.414</b>	<b>39.594</b>	<b>41.644</b>	<b>45.912</b>
<b>13 Fjárfamlög</b>	<b>710</b>	<b>1.153</b>	<b>1.266</b>	<b>1.748</b>	<b>2.086</b>	<b>1.830</b>	<b>2.370</b>	<b>7.987</b>
<b>14 Aðrar tekjur</b>	<b>26.058</b>	<b>30.108</b>	<b>35.139</b>	<b>36.401</b>	<b>44.357</b>	<b>55.804</b>	<b>72.741</b>	<b>72.186</b>
141 Eignatekjur	11.782	14.136	14.982	12.401	18.118	28.053	41.298	43.451
142 Sala á vöru og þjónustu	660	580	985	2.762	1.663	2.757	1.846	2.714
143 Sektir og skaðabætur	660	580	985	2.762	1.663	2.757	1.846	2.714
144 Frjáls fjárfamlög	1.092	1.241	1.560	887	1.480	1.506	1.419	1.511
145 Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	449	471	368	402	287	304	681	373
<b>1 Heildartekjur sveitarfélaga</b>	<b>64.132</b>	<b>78.828</b>	<b>96.134</b>	<b>112.754</b>	<b>161.176</b>	<b>185.263</b>	<b>193.381</b>	<b>189.279</b>
<b>11 Skatttekjur</b>	<b>47.241</b>	<b>59.445</b>	<b>71.296</b>	<b>82.937</b>	<b>117.463</b>	<b>133.143</b>	<b>140.625</b>	<b>138.563</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	36.882	565	592	677	830	867	825	690
113 Eignarskattar	7.799	10.107	10.101	12.063	16.857	20.567	25.770	27.485
114 Skattar á vöru og þjónustu	2.321	3.340	2.774	4.570	15.007	14.528	8.899	3.459
116 Aðrir skattar	239	18	181	104	71	45	16	3
<b>13 Fjárfamlög</b>	<b>5.275</b>	<b>6.630</b>	<b>8.608</b>	<b>10.376</b>	<b>14.140</b>	<b>17.406</b>	<b>18.783</b>	<b>18.714</b>
<b>14 Aðrar tekjur</b>	<b>11.616</b>	<b>12.753</b>	<b>16.229</b>	<b>19.441</b>	<b>29.572</b>	<b>34.714</b>	<b>33.974</b>	<b>32.001</b>
141 Eignatekjur	3.031	3.519	6.012	6.854	14.303	16.512	13.625	8.913
142 Sala á vöru og þjónustu	8.537	9.234	9.884	12.154	14.508	17.316	19.193	21.237
145 Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	0	0	334	433	761	886	1.155	1.851
<b>1 Heildartekjur almannatrygginga</b>	<b>39.744</b>	<b>48.756</b>	<b>59.936</b>	<b>74.021</b>	<b>90.762</b>	<b>103.308</b>	<b>113.183</b>	<b>133.634</b>
<b>13 Fjárfamlög</b>	<b>39.610</b>	<b>48.240</b>	<b>59.185</b>	<b>73.310</b>	<b>89.483</b>	<b>101.249</b>	<b>110.258</b>	<b>131.524</b>
<b>14 Aðrar tekjur</b>	<b>133</b>	<b>517</b>	<b>751</b>	<b>711</b>	<b>1.279</b>	<b>2.059</b>	<b>2.926</b>	<b>2.110</b>
141 Eignatekjur	78	447	614	435	991	1.529	2.124	1.000
142 Sala á vöru og þjónustu	55	69	137	276	288	529	802	1.109

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix I on page 43.

**Tafla 18. Tekjur hins opinbera í mestri sundurliðun 1998–2009**  
*Table 18. The general government revenue, detailed classification 1998–2009<sup>1</sup>*

Verðlag hvers árs, m.kr. <i>Current prices, million ISK</i>	1998	2000	2002	2004	2006	2007	2008	2009
<b>1 Heildartekjur</b>	<b>240.601</b>	<b>297.838</b>	<b>340.492</b>	<b>409.478</b>	<b>560.453</b>	<b>623.785</b>	<b>653.559</b>	<b>614.290</b>
<b>11 Skatttekjur</b>	<b>186.304</b>	<b>234.125</b>	<b>264.270</b>	<b>323.275</b>	<b>445.445</b>	<b>490.503</b>	<b>500.773</b>	<b>459.925</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	76.630	101.488	124.759	149.749	213.633	241.378	263.455	239.890
1111 Skattar á tekjur og hagnað, einst.	68.023	88.492	111.361	128.777	163.266	180.070	195.636	192.275
1112 Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	6.222	8.371	7.232	9.600	28.092	32.555	28.476	26.499
1113 Skattur á fjármagnstekjur	2.385	4.625	6.165	11.371	22.275	28.754	39.343	21.116
112 Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	<b>121</b>	<b>184</b>	<b>226</b>	<b>516</b>	<b>390</b>	<b>1.519</b>	<b>2.243</b>	<b>2.470</b>
113 Eignarskattar	<b>15.064</b>	<b>19.218</b>	<b>20.333</b>	<b>22.723</b>	<b>24.660</b>	<b>30.860</b>	<b>32.039</b>	<b>31.163</b>
1131 Fasteignaskattar	7.799	10.107	10.101	12.063	16.857	20.567	25.879	27.647
1132 Skattar á hreina eign, reglubundnir	3.799	5.173	5.918	3.400	50	-8	-18	12
1134 Skattar á fjármálaviðskipti	2.644	3.143	3.151	6.470	7.147	9.484	5.646	2.934
1135 Eignarskattar, óreglubundnir	100	113	201	256	297	460	465	311
1136 Eignarskattar, reglubundnir ót.a.s.	723	681	961	534	310	356	66	260
114 Skattar á vöru og þjónustu	<b>91.108</b>	<b>109.543</b>	<b>115.074</b>	<b>145.728</b>	<b>200.561</b>	<b>209.542</b>	<b>195.018</b>	<b>174.890</b>
1141 Almennir skattar á vöru og þjónustu	59.024	72.667	76.747	96.954	131.839	137.593	134.391	120.241
1142 Vörugjöld	21.744	23.585	24.522	31.174	43.653	45.891	40.364	39.935
1144 Sértaekir þjónustuskattar	1.385	1.715	1.709	2.078	2.609	3.026	3.435	3.448
1145 Neyslu- og leyfisskattar	8.955	11.576	12.096	15.522	22.460	23.032	16.829	11.267
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	<b>2.329</b>	<b>2.702</b>	<b>2.475</b>	<b>3.086</b>	<b>4.621</b>	<b>5.446</b>	<b>5.864</b>	<b>5.309</b>
1151 Tollar	2.328	2.702	2.474	3.086	4.618	5.446	5.858	5.303
1152 Útflutningsgjöld	1	1	1	0	3	0	6	5
116 Aðrir skattar	<b>1.052</b>	<b>991</b>	<b>1.403</b>	<b>1.474</b>	<b>1.579</b>	<b>1.758</b>	<b>2.153</b>	<b>6.203</b>
1161 Skattar á atvinnurekstur	517	418	652	589	555	628	846	1.049
1162 Aðrir skattar ótilgreindir annars staðar	535	573	751	885	1.024	1.130	1.307	5.154
<b>12 Tryggingagjöld</b>	<b>16.088</b>	<b>19.680</b>	<b>23.397</b>	<b>28.364</b>	<b>38.414</b>	<b>39.594</b>	<b>41.644</b>	<b>45.912</b>
<b>13 Fjárframlög</b>	<b>402</b>	<b>655</b>	<b>706</b>	<b>1.286</b>	<b>1.386</b>	<b>1.112</b>	<b>1.502</b>	<b>2.156</b>
131 Fjárfaml. frá opinberum aðilum, erlendum	0	26	38	38	26	0	0	0
132 Fjárfamlög frá alþjóðastofnum	402	630	668	1.248	1.360	1.112	1.502	2.156
133 Fjárfamlög frá hinu opinbera	—	—	—	—	—	—	—	—
<b>14 Aðrar tekjur</b>	<b>37.807</b>	<b>43.378</b>	<b>52.119</b>	<b>56.553</b>	<b>75.208</b>	<b>92.577</b>	<b>109.640</b>	<b>106.297</b>
141 Eignatekjur	14.892	18.102	21.608	19.690	33.412	46.094	57.047	53.364
1411 Vaxtatekjur	6.956	9.847	15.010	10.048	20.346	29.516	49.584	47.018
1412 Arðgreiðslur	7.424	7.689	5.667	6.773	4.655	6.425	3.977	2.512
1415 Aðrar eignatekjur	512	566	932	2.868	8.411	10.154	3.486	3.834
142 Sala á vöru og þjónustu	20.666	22.983	27.263	32.380	37.605	41.029	47.491	46.485
1422 Neyslu- og leyfisgjöld	4.104	4.815	5.861	6.347	7.212	7.641	8.601	4.560
1423 Þjónustutekjur, frjálsar	16.563	18.168	21.403	26.033	30.393	33.388	38.891	41.924
143 Sektir og skaðabætur	660	580	985	2.762	1.663	2.757	1.846	2.714
144 Frjáls fjárfamlög	1.140	1.241	1.560	887	1.480	1.506	1.419	1.511
1441 Rekstrarframlög	542	567	594	675	1.092	1.239	1.189	1.296
1442 Fjárfestingarframlög	598	674	966	213	388	267	230	215
145 Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	449	471	702	835	1.048	1.190	1.837	2.223

<sup>1</sup> The English terms for this table can be found in Appendix 1 on page 43.

**Tafla 19. Tekjur ríkissjóðs í mestri sundurliðun 1998–2009**Table 19. The central government revenue, detailed classification 1998–2009<sup>1</sup>

Verðlag hvers árs, m.kr. Current prices, million ISK	1998	2000	2002	2004	2006	2007	2008	2009
<b>1. Heildartekjur</b>	<b>181.919</b>	<b>225.621</b>	<b>252.775</b>	<b>306.851</b>	<b>412.839</b>	<b>454.588</b>	<b>476.903</b>	<b>447.448</b>
<b>11 Skatttekjur</b>	<b>139.063</b>	<b>174.681</b>	<b>192.973</b>	<b>240.338</b>	<b>327.982</b>	<b>357.360</b>	<b>360.148</b>	<b>321.362</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	39.748	55.509	66.518	83.548	128.105	143.376	157.515	132.273
1111 Skattar á tekjur og hagnað, einst.	31.156	42.528	53.135	62.590	77.737	82.067	89.696	84.658
1112 Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	6.206	8.356	7.218	9.587	28.092	32.555	28.476	26.499
1113 Skattur á fjármagnstekjur	2.385	4.625	6.165	11.371	22.275	28.754	39.343	21.116
112 Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	<b>121</b>	<b>184</b>	<b>226</b>	<b>516</b>	<b>390</b>	<b>1.519</b>	<b>2.243</b>	<b>2.470</b>
113 Eignarskattar	<b>7.265</b>	<b>9.111</b>	<b>10.232</b>	<b>10.660</b>	<b>7.803</b>	<b>10.292</b>	<b>6.268</b>	<b>3.678</b>
1131 Fasteignaskattar	0	0	0	0	0	0	109	161
1132 Skattar á hreina eign, reglubundnir	3.799	5.173	5.918	3.400	50	-8	-18	12
1134 Skattar á fjármálaviðskipti	2.644	3.143	3.151	6.470	7.147	9.484	5.646	2.934
1135 Eignarskattar, óreglubundnir	100	113	201	256	297	460	465	311
1136 Eignarskattar, reglubundnir ót.a.s.	723	681	961	534	310	356	66	260
114 Skattar á vöru og þjónustu	88.787	106.203	112.300	141.158	185.554	195.014	186.119	171.432
1141 Almennir skattar á vöru og þjónustu	59.024	72.667	76.747	96.954	131.839	137.593	134.391	120.241
